



75. ársþing

SKÝRSLA NEFNDA 2020

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Stjórn og nefndir KSÍ	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla	4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla.....	5
Skýrsla unglínganefndar karla	8
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna.....	9
Skýrsla unglínganefndar kvenna	11
Árangur landsliða Íslands á árinu 2020	13
Skýrsla mótanefndar	15
Skýrsla dómarnefndar.....	25
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar	31
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar	32
Skýrsla fræðslunefndar	35
Skýrsla útbreiðslunefndar	38
Úrtökumót KSÍ	41
Skýrsla hæfileikamótunar	45
Skýrsla mannvirkjanefndar	47

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn (ársþing)

Guðni Bergsson	formaður
Gísli Gíslason	varaformaður
Borghildur Sigurðardóttir	varaformaður
Ásgeir Ásgeirsson	
Haraldur Haraldsson	
Ingi Sigurðsson	
Magnús Gylfason	
Ragnhildur Skúladóttir	
Valgeir Sigurðsson	
Þorsteinn Gunnarsson	

Varastjórn (ársþing)

Guðjón Bjarni Hálfánarson
Jóhann Torfason
Þóroddur Hjaltalín

Landshlutafulltrúar (ársþing)

Bjarni Ólafur Birgisson	Austurland
Björn Friðþjófsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlasón	Vesturland

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Guðni Bergsson	formaður
Bryndís Einarsdóttir	
Ingvar Sverrisson	
Klara Bjartmarz	
Ómar Einarsson	

Dómaranefnd

Þóroddur Hjaltalín	formaður
Bragi Bergmann	
Bryndís Sigurðardóttir	
Frosti Viðar Gunnarsson	
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson	
Ingi Sigurðsson	
Viðar Helgason	

Fjárhags- og endurskoðurnarnefnd

Borghildur Sigurðardóttir	formaður
Ingi Sigurðsson	
Magnús Gylfason	
Valgeir Sigurðsson	

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðni Kjartansson	
Gunnar Már Guðmundsson	
Helga Helgadóttir	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Guðjón Bjarni Hálfánarson	
Guðmundur H. Pétursson	
Kolbrún Arnardóttir	

Landsliðsnefnd karla

Magnús Gylfason	formaður
Ásgeir Ásgeirsson	
Birkir Kristinsson	
Haraldur Haraldsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Borghildur Sigurðardóttir	formaður
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir	
Margrét Ákadóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	
Þorsteinn Gunnarsson	

Landsliðsnefnd U21 karla

Gísli Gíslason	formaður
Borghildur Sigurðardóttir	
Gunnar Oddsson	
Ólafur Páll Snorrason	
Sigurður Örn Jónsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Jóhann Torfason	formaður
Jónas Gestur Jónasson	
Marteinn Ægisson	
Pálmi Haraldsson	
Pétur Ólafsson	
Sigurður Hlíðar Rúnarsson	
Tómas Þóroddsson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðjón Bjarni Hálfánarson	
Hafsteinn Steinsson	
Harpa Frimannsdóttir	
Jakob Skúlasón	
Mist Rúnaradóttir	
Viggó Magnússon	

Mannvirkjanefnd

Ingi Sigurðsson	formaður
Bjarni Þór Hannesson	
Inga Rut Hjaltadóttir	
Jón Runólfsson	
Kristján Ásgeirsson	
Margrét Leifsdóttir	
Viggó Magnússon	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Valgeir Sigurðsson	formaður
Ásgeir Ásgeirsson	
Björn Friðþjófsson	
Harpa Þorsteinsdóttir	
Sveinbjörn Mátsson	
Vignir Már Þormóðsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Samninga- og félagaskiptanefnd

Ásgeir Ásgeirsson formaður
Gísli Hall
Örn Gunnarsson
Guðný Petrína Þórðardóttir (til vara)
Ragnar Baldursson (til vara)
Unnar Steinn Bjarndal (til vara)

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson formaður
Ásta Árnadóttir
Friðrik Ellert Jónsson
Guðrún Sigurðardóttir
Haukur Björnsson
Stefán Stefánsson

Starfshópur um útbreiðslumál

Þorsteinn Gunnarsson formaður
Bjarni Ólafur Birkisson
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Sigríður Baxter
Tómas Þóroddsson

Siðanefnd (ársþing) til 2020

Albert Eymundsson formaður
Eiríkur Björgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

Leyfisdómur KSÍ (ársþing) til 2020

Heimir Örn Herbertsson formaður
Björn Victorsson
Guðrún Inga Sívertsen
Jón Gunnlaugsson
Ragnar Gíslason

Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2020

Lúðvík S. Georgsson formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Orri Ólafsson
Þorgerður Marinósdóttir

Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing)

Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímansson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Björg Ásta Þórðardóttir
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þróstur Ríkharðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)

Sigurður G. Guðjónsson forseti
Jóhannes Albert Sævarsson
Lúðvík Örn Steinarsson
Eva B. Helgadóttir (til vara)
Feldís Lilja Óskarsdóttir (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara)
Steinar Þór Guðgeirsson (til vara)

Kjörnefnd (ársþing)

Steinn Halldórsson formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kjörinn endurskoðandi (ársþing)

Birna María Sigurðardóttir

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Magnús Gylfason, formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson og Birkir Kristinsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Klara Bjartmarz og Sigurður Sveinn Þórðarson

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með A landsliði karla. Þjálfari liðsins var Erik Hamrén og honum til aðstoðar voru Freyr Alexandersson, Lars Eriksen og Tom Joel. Læknir liðsins var Haukur Björnsson, sjúkrahjálparar þeir Friðrik Ellert Jónsson, Pétur Örn Gunnarsson, Rúnar Pálmarsson og Stefán Hafþór Stefánsson. Búningastjóri var Bjarni Þórður Halldórsson og þá starfaði Þorgrímur Þráinsson með liðinu í ýmsum hlutverkum, Ómar Smárason var sem áður fjölmiðlafulltrúi liðsins, Aleksandra Wójtowicz gegndi stöðu öryggisstjóra liðsins, Dagur Sveinn Dagbjartsson var líkt og áður þjálfurunum innan handar við leikgreiningu og að klippa leiki, svo komu þrír starfsmenn inn í útileiki liðsins þeir Óskar Örn Guðbrandsson, starfsmaður, Hinrik Örn Guðbjargarson matreiðslumaður og Kristinn V. Jóhannsson kom inn í búningateymið.

Verkefni liðsins voru tveir æfingaleikir í Bandaríkjunum um miðjan janúar og sex leikir í Þjóðadeildinni og tveir leikir í umspili Evrópumótsins 2021.

Leikdagur	Mót	Völlur	Heimalið	Gestir	Úrslit
Mið. 15.01.2020	A karla - VL 2020	Championship Soccer Stadium	Kanada	Ísland	0 - 1
Sun. 19.01.2020	A karla - VL 2020	Dignity Health Sports Park	El Salvador	Ísland	0 - 1
Lau. 05.09.2020	A karla - Þjóðadeild	Laugardalsvöllur	Ísland	England	0 - 1
Pri. 08.09.2020	A karla - Þjóðadeild	Koning Boudewijn Stadion	Belgía	Ísland	5 - 1
Fim. 08.10.2020	A karla - EM 2020 umspil	Laugardalsvöllur	Ísland	Rúmenía	2 - 1
Sun. 11.10.2020	A karla - Þjóðadeild	Laugardalsvöllur	Ísland	Danmörk	0 - 3
Mið. 14.10.2020	A karla - Þjóðadeild	Laugardalsvöllur	Ísland	Belgía	1 - 2
Fim. 12.11.2020	A karla - EM 2020 umspil	Puskás Arena	Ungverjaland	Ísland	2 - 1
Sun. 15.11.2020	A karla - Þjóðadeild	Parken	Danmörk	Ísland	2 - 1
Mið. 18.11.2020	A karla - Þjóðadeild	Wembley	England	Ísland	4 - 0

Starfsárið 2020 var frábrugðið öðrum árum í ljósi Covid-19 og það voru töluverðar áskoranir sem komu í kjölfarið sem hópurinn leysti vel. Upp kom smit í starfsmannahópi liðsins fyrir leikinn gegn Belgíu hér heima sem gerði það að verkum að allt starfslið liðsins fór í sóttkví og þurfti að manna allar stöður með stuttum fyrirvara. Sú vinna gekk vel fyrir sig og með aðstoð Covid-göngudeildar var nýtt starfslið skimað og orðið klárt strax morguninn eftir.

Eftir leikinn í Ungverjalandi tilkynnti Erik Hamrén um þá ákvörðun sýna að hætta með liðið í haust, og í lok desember var svo tilkynnt um nýjan þjálfara. Arnar Þór Viðarsson tekur við liðinu og honum til aðstoðar verður Eiður Smári Guðjohnsen. Fyrsta verkefnið þeirra verður útileikur við Þýskaland í mars sem jafnframt verður 500 A-landsleikur Íslands.

Lokaorð

Verkefni ársins var umspil um sæti á Evrópumótinu 2021 og sex leikir í Þjóðadeildinni, í fyrsta skipti voru 3 leikir í sama leikjaglugga og hentar slíkt okkur minni og fámennari þjóðum illa. Markmiðið um sæti á lokamóti gekk því miður ekki upp í þetta skipti, eftir hetjulega baráttu horfðum við á eftir sætinu á lokamínútunum í Ungverjalandi.

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, nefndarmönnum, starfsmönnum liðsins og starfsfólki á skrifstofu KSÍ kærlega fyrir samstarfið á árinu 2020.

Magnús Gylfason, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipa Gísli Gíslason, formaður, Borghildur Sigurðardóttir, Gunnar Oddsson, Ólafur Páll Snorrason og Sigurður Örn Jónsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Arnar Þór Viðarsson, aðstoðarþjálfari Eiður Smári Guðjohnsen og markmannsþjálfari Halldór Björnsson. Læknar voru Davíð Egilsson og Reynir Björn Björnsson, sjúkraþjálfari Róbert Magnússon og búningastjórar Ágúst Hrannar Valsson og Fannar Helgi Rúnarsson. Fjölmíðlafulltrúi liðsins var Jóhann Ólafur Sigurðsson.

Riðlakeppni EM 19/21

Frá því að dregið hafði verið í riðlakeppnina var búið að gera töluverðar breytingar á reglugerð mótsins, m.a. áttu upprunalega 12 lið að leika í úrslitakeppni þess. Áttu sigurvegarar riðlanna níu að öðlast keppnisrétt ásamt gestgjöfunum tveimur Ungverjalandi og Slóveníu, síðan áttu liðin tvö með bestan árangur í öðru sæti að leika umspilsleik um tólfta sætið. Því var síðan breytt í 16 liða úrslitakeppni þar sem gestgjafarnir, sigurvegarar riðlanna ásamt liðinu með bestan árangur í öðru sæti kæmust beint í úrslit. Síðan yrði umspil liðanna sem höfnuðu í öðru sæti hinna riðlanna átta. Í júní kom þriðja breytingin þar sem búið var að færa frestuðu leikina sem vera áttu í mars til nóvember en í nóvember áttu umspilsleikirnir að fara fram. Fólst breytingin í því að nú yrði ekki umspil heldur færu þau fimm lið áfram sem væru með bestan árangur í öðru sæti.

Leikir ársins 2020

Upprunalega átti að leika tvo leiki í riðlakeppni EM í mars, gegn Írlandi og Armeníu ytra. Undirbúningur fyrir leikina í mars var kominn á góðan rekspöl þegar þeir voru svo færðir aftur til nóvember vegna Covid-19. Eiður Smári Guðjohnsen hefði tekið út tveggja leikja bann í þessum leikjum en þurfti nú að taka bannið út í tveimur næstu leikjum. Fyrsti leikur liðsins á árinu var því leikinn 4. september á Víkingsvelli gegn Svíþjóð.

Vegna nýrra sóttvarnareglna sem settar voru 19. ágúst af heilbrigðisyfirvöldum var hægt að sækja um undanþágur fyrir alþjóðlega viðburði á landinu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eitt af skilyrðunum var að allir leikmenn og starfsmenn liða þyrftu að fara í landamæraskimun og þaðan í svokallaða vinnusóttkví sem kvað á um að liðin væru í sóttkví en mættu fara til æfinga og keppni á leikstað. Allra annarra sóttvarnareglna væri gætt í hvívetna m.a. að 2 metra reglan væri virt. Undanþága fyrir leikinn gegn Svíþjóð fékkst og fór leikurinn fram á tilsettum tíma. Svíþjóð kom með leiguflugi daginn fyrir leik en UEFA gaf út leiðbeiningar um framkvæmd leikja (Return To Play) vegna Covid-19 þar sem ráðlagt var að nota leiguflug væri því við komið. Svíþjóð tók eina æfingu fyrir leik á Víkingsvelli og voru síðan í vinnustaðasóttkví inni á hóteli. Sama átti við um lið Íslands sem þurfti að fara inn á hótél í vinnustaðasóttkví um leið og liðið kom saman til æfinga á mánudegi þó leikurinn færi ekki fram fyrr en á föstudegi sem var einnig í leiðbeiningum UEFA. Leikurinn var mjög mikilvægur fyrir bæði lið ætluðu þau sér að eiga möguleika á öðru sæti riðilsins.

Ljóst var á leik liðanna að bæði ætluðu þau sér sigur og mikil barátta einkenndi leikinn. Fyrirliði Svía fékk beint rautt spjald á 62. mínútu og á 66. mínútu tryggði Sveinn Aron Guðjohnsen 1-0 sigur með glæsilegu skallamarki. Næsti leikur Íslands var gegn Ítölum 9. október á Víkingsvelli. Ítalir áætluðu einnig að koma með leiguvél daginn fyrir leik og fékkst einnig undanþága fyrir leiknum gegn Ítalíu. Sólarhring fyrir áætlaða komu Ítala til landsins bárust þær fréttir að tveir leikmenn þeirra hefðu greinst jákvæðir gagnvart Covid-19. Fóru því allir leikmenn og starfsmenn Ítala í skimun á Ítalíu fyrir komu til landsins þar sem allir greindust neikvæðir. Ítalir komu því á réttum tíma til landsins og fóru í landamæraskimun. Þaðan fór liðið beint á æfingu enda höfðu allir greinst neikvæðir sólarhring áður. Eftir æfingu fór liðið á hótél í sóttkví. Um kvöldið fékk síðan ítalska liðið niðurstöðurnar úr landamæraskimun og kom þá í ljós að þrír leikmenn og starfsmenn þess hefðu greinst jákvæðir. Íslensk sóttvarnaryfirvöld settu því allt ítalska liðið í einangrun og ljóst var að leikurinn gæti ekki farið fram og honum var því frestað. Íslenska rakningarteymið fór yfir ferðir ítalska liðsins og samneyti við íslenska starfsmenn og þótti ekki ástæða til að setja neinn starfsmann í einangrun enda fóru þeir allir eftir settum reglum. Þó fór fylgdarmaður KSÍ við Ítala í sjálfskipaða sóttkví til að gæta fyllsta öryggis.

Íslenska liðið átti næst leik gegn Lúxemborg ytra. Farið var af hóteli beint í áætlunarflug til Amsterdam en ekki þótti ástæða til að fara í leiguflugi þar sem þeir leikmenn sem leika á Íslandi voru ekki valdir til að leika gegn Lúxemborg og það yrðu því bara 4 starfsmenn liðsins sem færu aftur til Íslands eftir leik. Þar sem leiknum gegn Ítalíu var frestað var Eiður Smári Guðjohnsen aðstoðarþjálfari enn í leikbanni og fór því ekki með til Lúxemborgar.

Leikurinn fór fram á blautum og þungum Stade Émile Mayrisch vellið í Lúxemborg. Það var greinilegt að Lúxemborgarliðið ætlaði að verjast vel í leiknum og beita skyndisöknum og gerði það vel án þess þó að ná að skapa sér hættuleg færi í leiknum. Það sama má segja um leik Íslands að þó liðið væri mun meira með boltann þá gekk erfiðlega að brjóta þetta vörn Lúxemborgar á bak aftur. Fyrsta mark leiksins kom eftir hornspyrnu þar sem Ísak Óli Ólafsson skoraði með skalla á 30. mínútu. Sveinn Aron Guðjohnsen skoraði síðan strax aftur á 32. mínútu eftir að hafa unnið boltann í hápressu hátt á vallahelmingi Lúxemborgar. Íslenska liðið sótti síðan allan seinni hálfleikinn án þess að skapa sér mörg færi, en mjög sanngjarn 0-2 sigur á Lúxemborg staðreynd.

Daginn eftir leikinn héldu leikmenn til síns heima og greindist einn þeirra jákvæður við skimun til heimalandsins. Fór hann í einangrun, en veiktist ekki og fann ekki fyrir neinum einkennum. Nokkrir leikmenn fóru í einangrun hjá sínum félögum og léku því ekki með sínum félögum í fyrsta leiknum eftir að þeir komu heim. Viðkomandi leikmaður fór síðan í mótefnaþjálfingu þegar hann kom í nóvember verkefnin. Hann greindist ekki með mótefni og má því leiða líkum að því að hann hafi ekki sýkst af Covid-19.

Vegna frestunar á leiknum gegn Ítalíu og að hann yrði að fara fram í nóvember þá var niðurröðun nóvemberleikjanna komin í uppnám, en til stóð að leika gegn Írlandi í Dublin 12. nóvember og fara þaðan til Armeníu og leika í Yerevan 17. nóvember. Ljóst var að færa þurfti til leiki til þess að hægt yrði að leika þrjá leiki í nóvember. UEFA lagði til að leikið yrði gegn Ítalíu 11. nóvember á Víkingsvelli, gegn Írlandi 14. nóvember og gegn Armeníu 17. nóvember ytra. Vegna sóttvarnarreglna hér vitandi að okkar leikmenn þyrftu að fara í skimun við komu til landsins 9. nóvember og bíða fram eftir kvöldi eftir niðurstöðu til að geta farið og æft fyrir leikinn var lagt til við UEFA og andstæðingana að leikið yrði 12. 15. og 18. nóvember. Það var samþykkt af öllum þjóðunum og UEFA. Rétt fyrir mánaðarmótin október/nóvember kom síðan tilkynning frá UEFA að vegna átaka milli Aserbaísjan og Armeníu færu UEFA leikir ekki fram í þessum löndum þangað til annað yrði tilkynnt. Þar sem um fjórar vikur voru í leikinn við Armeníu var haft samband við Armeníu varðandi hvar þeir hygðust leika. Svárið var að þeir vonuðust til að geta leikið í Armeníu og verið væri að vinna að því með UEFA. Rétt eftir mánaðarmótin kom svo tilkynning um að staðfestur leikvöllur væri á Kýpur. Frekar stuttur fyrirvari, en búið var að bóka flug og hótél með góðum fyrirvara í Yerevan en frá því að leikið var í Lúxemborg í október og fram að mánaðarmótum felldu mörg flugfélög niður flug og stuttu eftir tilkynninguna frá Armeníu felldi Air France niður flug liðsins frá Dublin til Armeníu. Til stóð að liðið færi frá Keflavík til Dublin 13. nóvember, þ.e. daginn eftir leikinn gegn Ítalíu.

Undanþága fékkst aftur fyrir lið Ítalíu sem kom aftur með leiguflugi frá Ítalíu og nú greindist enginn jákvæður, hvorki fyrir brottför frá Ítalíu né á landamærunum. Ítalir sem mættu Írum með U20 lið sitt eftir Íslandsförina í október mættu með sitt sterkasta lið til Íslands. Leikurinn fór fram á Víkingsvelli eins og aðrir leikir í riðlinum. Fylgst var vel með veðurspá fram að leik þar sem allra veðra er von á þessum árstíma. Mikil barátta einkenndi leikinn og gáfu liðin ekki mikil færi á sér úti á velli sem sést kannski á því að Íslenska liðið átti eina hornspyrnu í leiknum og Ítalía tvær, sem urðu einnig lokatölurnar í leiknum. Ítalía komst yfir á 35. mínútu og var staðan 0-1 í hálfleik. Strákarnir mættu í seinni hálfleikinn staðráðnir í að jafna leikinn og gerðu það á 63. mínútu með marki Willums Þórs Willumssonar eftir hornspyrnu og pressu á mark Ítala. Eftir jöfnunarmarkið reyndu bæði lið að knýja fram sigur án þess að gefa mikil færi á sér. Það var síðan á 88. mínútu að Ítalir náðu að skora með langskoti sem breytti um stefnu af varnarmanni og unnu þeir leikinn því 1-2.

Vegna áðurgreindrar niðurfellingar flugs og að bókuð flug væru oft felld niður með tveggja daga fyrirvara þá voru ekki margir kostir í stöðunni fyrir liðið að komast til Dublin. Eini kosturinn var að fara til Kaupmannahafnar, þaðan til London og þaðan til Dublin og lent í Dublin rétt fyrir miðnætti. Þetta voru ekki mjög ákjósanleg flug fyrir lið sem átti með góðum úrslitum mikla möguleika á að lenda í öðru af tveimur efstu sætum riðilsins og möguleika á sæti í úrslitakeppninni. Það var því farið að athuga með leiguflug beint frá Reykjavík til Dublin. Um 10 dögum fyrir brottför til Dublin banna svo Bretar Dönun að koma til Bretlands og þá var jafnframt aukin hætta á að flugið frá Kaupmannahöfn til London yrði fellt niður og liðið þá farlaust til Dublin. Það var því gengið frá leiguflugi fyrir liðið til Dublin. Liðið fór síðan í "búbbli" á hóteli mánudaginn fyrir leikinn gegn Ítalíu sem vera átti á fimmtudeginum. Á þriðjudeginum bárust fréttir þess efnis að Armenía gæfi leikina gegn Svíþjóð sem einnig átti að fara fram á fimmtudeginum og gegn Íslandi miðvikudaginn 18. nóvember þar sem þeir væru bara með 12 leikfæra leikmenn. Meðan beðið var staðfestingar UEFA var gengið frá leiguflugi fram og til baka frá Dublin með liðið. Það var þá hægt að fara daginn fyrir leik og halda heim strax að leik loknum. Lent var í Dublin kl. 11:00 að morgni en reglur UEFA kveða á um að lið skuli mætt a.m.k. 24 tímum fyrir leik og leikurinn átti að hefjast kl. 12:30 daginn eftir. Vegna mikilla rigninga dagana fyrir leikinn var æft á mjög blautum velli, en búið var að merkja blautustu svæðin með því markmiði að liðið hlífði þeim svæðum á velli sem var gert upp að vissu marki. Bæði lið áttu möguleika á því fyrir leikinn að lenda í öðru sæti riðilsins. Írland var stigi fyrir ofan Ísland fyrir leikinn þegar bæði lið áttu tvo

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

leiki eftir. Það var því ljóst að bæði lið myndu sækja til sigurs. Írar byrjuðu enda leikinn af krafti og sóttu stíft að marki Íslands sem varðist vel og beitti skyndisóknum. Upp úr einni slíkri náði Sveinn Aron Guðjohnsen forystu eftir glæsilega sendingu frá Jóni Degi Þorsteinssyni á 25. mínútu. Baráttan um stigin þrjú hélt áfram í seinni hálfleik, Írar sóttu en Ísland varði forystuna vel eða fram á 75. mínútu en þá hrökk boltinn af varnarmanni Íslands í markið og staðan orðin 1-1. Við jöfnunarmarkið kom íslenska liðið úr skotgröfunum og fór að sækja meira og skapaði sér nokkur hálfæri. Þetta fór í skapið á Írum og einn leikmaður þeirra fékk beint rautt spjald á 88. mínútu leiksins. Strákarnir nýttu sér liðsmuninn vel og skoraði Valdimar Þór Ingimundarson sigurmarkið á 92. mínútu leiksins, en dómari hafði bætt 5 mínútum við leiktímann.

Leikmenn

Alls tóku 27 leikmenn þátt í leikjum ársins. Alfons Sampsted og Sveinn Aron Guðjohnsen voru í byrjunarliði alla fjóra mótssleiki ársins. Með þessum fjórum leikjum sem Alfons Sampsted spilaði varð hann leikjahæsti leikmaður U21 landsliðsins frá upphafi með 30 leiki.

Lokakeppni EM 19/21

Í desember var dregið í lokakeppni EM sem leikin verður í mars. Ísland, sem var í fjórða styrkleikaflokki, dróst í riðil með Frakklandi, Danmörku og Rússlandi. Ísland mun leika í C-riðli og allir leikir liðsins fara fram í Györ í Ungverjalandi.

Lokaorð

Sem fyrr er U21 landslið Íslands mikilvæg gátt til framtíðar fyrir þá leikmenn sem valdir eru til þátttöku í verkefnum liðsins. Það hefur sýnt sig að fylgst er vel með leikmönnum liðsins og þar er mikilvæg uppspretta framtíðar A-landsliðsmanna. Öflugt þjálfarateymi og starfslið er því forsenda fyrir framförum og þroska þessara leikmanna þannig að sú reynsla sem þeir öðlast á þessum vettvangi nýtist til framtíðar. Það lið sem nú hefur tryggt sér þátttöku í lokakeppni EM býr að þessari traustu og öflugtu umgjörð og hefur þróast og vaxið á vegferð síðustu missera og gefa fyrirheit um árangur á komandi árum. Því er ljúft að færa þjálfurum, starfsliði og drengjunum bestu þakkir fyrir fagmennsku innan sem utan vallar.

Gísli Gíslason, formaður

Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhann Torfason, formaður, Jónas Gestur Jónasson, Marteinn Ægisson, Pálmi Haraldsson, Pétur Ólafsson, Sigurður Hlíðar Rúnarsson og Tómas Þóroddsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurður Sveinn Þórðarson og Guðlaugur Gunnarsson.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Davíð Snorri Jónasson var þjálfari U17 og Þorvaldur Örlygsson þjálfari U19 landsliðsins, en þeir voru svo hvor öðrum til aðstoðar. Lúðvík Gunnarsson var þjálfari U15 landsliða. Þorvaldur Örlygsson lét af störfum í nóvember, en hann hafði starfað hjá KSÍ frá því í árslok 2014. Ólafur Ingi Skúlason tók við starfi U19 ára landsliðs karla og U15 ára landsliðs kvenna.

U16/U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2004 og síðar

Covid-19 hafði mikil áhrif á þetta landslið sem og önnur á þessu ári, öllum leikjum þessa árs var frestað.

U17/U18 landslið karla - Leikmenn fæddir 2003 og síðar

Covid-19 hafði mikil áhrif á þetta landslið sem og önnur á þessu ári. Var þessi hópur það heppinn að hann náði einu verkefni í byrjun árs í Hvíta-Rússlandi, öðrum verkefnum hópsins var frestað.

Sun. 19.01.2020	U17 karla - Hvíta Rússland	Manezh	Ísland	Tadsíkistan	1 - 2
Þri. 21.01.2020	U17 karla - Hvíta Rússland	Manezh	Ísland	Georgía	0 - 1
Fim. 23.01.2020	U17 karla - Hvíta Rússland	Manezh	Ísrael	Ísland	0 - 2
Lau. 25.01.2020	U17 karla - Hvíta Rússland - Umþpil	Manezh	Úsbekistan	Ísland	1 - 2

U19 landslið karla - Leikmenn fæddir 2002 og síðar

Covid-19 hafði mikil áhrif á þetta landslið sem og önnur á þessu ári, öllum leikjum þessa árs var frestað.

U15 landslið karla – leikmenn fæddir 2006 og síðar

Covid-19 hafði mikil áhrif á þetta landslið sem og önnur á þessu ári, öllum leikjum þessa árs var frestað.

Lokaorð

Það var lítið um landsliðsverkefni og æfingar þetta árið vegna Covid-19, einungis eitt landslið náði verkefni karlamegin.

Ég vil þakka nefndarmönnum, þjálfurum, öðrum starfsmönnum landsliðanna, leikmönnum og starfsfólki á skrifstofu KSÍ fyrir samstarfið á árinu.

Jóhann Torfason, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2020: Borghildur Sigurðardóttir, formaður, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Margrét Ákadóttir, Ragnhildur Skúladóttir og Þorsteinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Þorvaldur Ingimundarson.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru æfingar, Pinatar-mótið og undankeppni EM 2022. Landsliðsþjálfari var Jón Þór Hauksson, Ian Jeffs aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari og Hjalti Rúnar Oddsson styrktarþjálfari. Sjúkraþjálfarar voru Ásta Árnadóttir, Ari Már Fritzson, Jófríður Halldórsdóttir og Anna Sólveig Smáradóttir. Læknar voru Aðalheiður Rósa Jóhannesdóttir og Arnar Sigurðsson. Liðsstjórar voru þær Laufey Ólafsdóttir og Kristbjörg Helga Ingadóttir, Viðar Halldórsson var íþrótta- og félagsfræðingur liðsins og þeir Óskar Örn Guðbrandsson og Jóhann Ólafur Sigurðsson voru fjölmiðalfulltrúar liðsins. Þá kom Þórður Þórðarson, þjálfari U19 kvenna, inn í þjálfarateymið í verkefnum seinni hluta árs.

Fyrstu verkefni ársins voru leikir á Pinatar Cup á Spáni, fyrri hluta mars, en í lok ársins 2019 kom í ljós að íslenska liðinu yrði ekki boðin þátttaka á Algarve Cup, eins og 13 ár þar á undan. Leiknir voru þrjú leikir og var fyrsti leikur gegn Norður-Írum þar sem sigur vannst með marki frá Dagnýju Brynjarsdóttur í fyrri hálfleik. Þrjú leikmenn léku sinn fyrsta A landsleik í þessum leik, Cecilía Rán Rúnarsdóttir, Natasha Mora Anasi og Hildur Antonsdóttir. Næstu mótherjar voru Skotar, sem fóru með 1-0 sigur af hólmi, en þar þreytti Berglind Rós Ágústsdóttir frumraun sína með A landsliðinu. Þriðji og síðasti leikurinn var svo gegn Úkraínu þar sem mark Gunnhildar Yrsu Jónsdóttur í fyrri hálfleik tryggði íslenskan sigur. Mótið var spilað við mjög góðar aðstæður og mótshaldið lofar góðu.

Í apríl var fyrirhugað að fara til Ungverjalands og Slóvakíu og leika í undankeppni EM, en um miðjan mars tilkynnti UEFA að þeim leikjum yrði frestað vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Ennfremur var þá tilkynnt að úrslitakeppni EM í Englandi yrði frestað um eitt ár og fer hún nú fram 2022. Þann 1. apríl tilkynnti svo UEFA að leikirnir gegn Lettum og Svíum, sem fram áttu að fara í júní á Laugardalsvelli, færu ekki fram og að finna yrði nýjar dagsetningar á þessa leiki. Óhætt er að segja að þetta ástand hafi riðlað skipulaginu, en leikið var gegn Úkraínu 10. mars og kom hópurinn næst saman 14. september þegar undirbúningur fyrir leikina gegn Lettum og Svíum hófst.

Leikið var gegn Lettum á Laugardalsvelli 17. september og mark Elínar Mettu Jensen á fyrstu mínútu leiksins gaf tóninn. Lokatölur urðu 9-0 þar sem Dagný Brynjarsdóttir skoraði 3 mörk og Sveindís Jane Jónsdóttir í sínum fyrsta landsleik skoraði 2 mörk. Eitt markið var sjálfsmark, en þær Alexandra Jóhannsdóttir og Karólína Lea Vilhjálmsdóttir skoruðu svo sitt hvort markið. Ljóst var að næsti leikur, gegn Svíum, yrði mun erfiðari. Lokatölur urðu þar 1-1 þar sem Svíar leiddu í leikhléi, en Elín Metta Jensen jafnaði leikinn í mjög góðum síðari hálfleik þar sem íslenska liðið var óheppið að tryggja sér ekki sigur.

Róðurinn reyndist þyngri í Gautaborg rúmum mánuði síðar þegar leikið var gegn Svíum að nýju. Heimakonur reyndust sterkari þar og unnu 2-0 sigur og tryggðu sér þar með sæti í úrslitakeppninni. Ljóst var að erfitt ferðalag var framundan hjá íslenska liðinu, leikir gegn Slóvakíu og Ungverjalandi í lok nóvember og byrjun desember.

Vegna mismundandi sóttvarnareglna á milli landa og krafna frá UEFA, þurfti hópurinn sífellt að venja sig við mismunandi aðstæður og reglur á ferðalögum sínum. T.a.m. var ekki hægt að æfa í Slóvakíu vegna sóttvarnareglna og þurfti því hópurinn að taka rútu í smábæ í Austurríki til þess að geta æft. Leikið var gegn Slóvökum þann 26. nóvember og leiddu heimakonur í leikhléi. Allt annað var að sjá íslenska liðið í síðari hálfleik og Berglind Björg Þorvaldsdóttir jafnaði metin áður en fyrirliðinn, Sara Björk Gunnarsdóttir, bætti við tveimur mörkum úr vítaspyrnum. Lokatölur 1-3 og ljóst að annað sæti í riðlinum væri tryggt og þar með öruggt umspilssæti. Með sigri í síðasta leik væri möguleikinn góður á að tryggja sætið í úrslitakeppninni, en færi það eftir úrslitum annarra leikja einnig. Síðasti leikurinn var svo gegn Ungverjum í Búdapest 5 dögum síðar. Mark Berglindar Bjargar skildi liðin að, en hún skoraði glæsilegt mark á 65. mínútu. Sigurinn sannfærandi engu að síður þó svo að munurinn hefði ekki verið meiri. Þá tók við nokkurra klukkustunda bið eftir úrslitum annarra leikja en síðar um kvöldið var ljóst að farseðilinn til Englands 2022 var tryggður.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Glæsilegur árangur liðsins sem tryggir sig inn í fjórðu úrslitakeppni EM í röð. Óhætt er að segja að sá faraldur sem gengið hefur yfir heimsbyggðina á þessu ári hafi sett strik sinn á þetta ár. Mótahaldið riðlaðist mikið og þá urðu ferðalög og framkvæmd leikja öllu erfiðari og flóknari en áður. Hópurinn var lokaður inn á hóteli þá daga sem hann var saman sem að reyndi á aðlögunarhæfni hans. Óhætt er að segja að leikmenn og starfsfólk hafi staðið sig frábærlega við erfiðar aðstæður á þessu ári.

Úrslitakeppni EM fer ekki fram fyrir en árið 2022 í Englandi, en dregið verður í undankeppni HM 2023 í lok apríl. Keppni þar á svo að hefjast í september 2021. Hvað sem gerist svo fram að því er óljóst, landsleikjagluggi er 15.-24. febrúar og svo aftur 5.-13. apríl en verkefni þar liggja ekki fyrir sem stendur.

Í desember komust KSÍ og Jón Þór Hauksson, landsliðsþjálfari, að samkomulagi um að Jón Þór léti af störfum sem þjálfari A landsliðs kvenna að hans ósk.

Starfsmönnum liðsins, leikmönnum og nefndarfólki þakka ég ómetanleg störf á liðnu starfsári og hlakka til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni næsta knattspyrnuárs.

Borghildur Sigurðardóttir, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2020: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Jakob Skúlason, Viggó Magnússon, Hafsteinn Steinsson, Mist Rúnarsdóttir, Harpa Frímansdóttir og Guðjón Bjarni Hálfðánarson.

Hlutverk nefndarinnar er umsjón með U16/U17 og U19 ára landsliðum kvenna.

Þjálfarar þessara liða árið 2020 voru Þórður Þórðarson (U19) og Jörundur Áki Sveinsson (U16/U17). Þeir eru einnig aðstoðarþjálfarar hvors annars.

Sjúkraþjálfarar liðanna árið 2020 voru þær Guðrún Sigurðardóttir, Þórdís Ólafsdóttir og Hildur Grímsdóttir.

Læknar liðanna í ferðunum tveimur árið 2020 voru Sigrún Arnardóttir og Jón Torfi Halldórsson.

Búningastjórar árið 2020 voru þær Sigríður Fanney Pálsdóttir með U19, Jóhanna Einarsdóttir og Hafdís Jóna Guðmundsdóttir með U16/U17.

U19 (2001/02) Lék þrjá vináttuleiki á Spáni (La Manga) í mars.

5. mars.

Ísland - Sviss 4-1 sigur.

Mörk Íslands gerðu þær Sveindís Jane Jónsdóttir, 3, og Barbára Sól Gísladóttir 1 mark.

7. mars.

Ísland – Ítalía 7-1 sigur.

Mörk Íslands gerðu þær Karen María Sigurgeirsdóttir og Karólína Lea Vilhjálmisdóttir (2 mörk hvor) og þær Linda Líf Boama, Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir og Barbára Sól Gísladóttir gerðu eitt mark hver.

9. mars.

Ísland – Þýskaland 2-0 sigur.

Mörk Íslands gerðu Ída Marin Hermannsdóttir og Barbára Sól Gísladóttir.

Milliriðill U19 (2001/02) átti upphaflega að fara fram í Hollandi í apríl. Í fyrstu var honum frestað fram í maí, en svo var hann blásinn af vegna Covid 19.

Undankeppni U19 (2002/03) átti upphaflega að fara fram í nóvember, en hefur nú verið frestað fram í apríl 2021. Einnig hefur verið ákveðið að eftir riðlakeppnina í apríl munu 14 lið með bestan árangur spila einn leik sem mun skera úr um það hvaða lið fara í 8 liða úrslit ásamt liðinu sem heldur lokamótið og að 8 liða úrslitakeppnin fari fram í Hvíta-Rússlandi í júlí - ágúst 2021.

U16 (2004/2005): Aðeins var hægt að hafa æfingar í janúar og febrúar hjá þessu liði. Eftir það voru öll mót og æfingar U16 blásin af vegna Covid 19.

U17 (2003/2004) lék tvo vináttuleiki við Írland í febrúar 2020. Leikirnir fóru fram á Írlandi.

14. febrúar.

Írland – Ísland 2-2.

Mörk Íslands gerðu þær Amanda Jacobsen Andradóttir og Aníta Ýr Þorvaldsdóttir.

16. febrúar.

Írland – Ísland 1-1.

Mark Íslands gerði Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir.

Milliriðill U17 (2003/2004) átti að fara fram í Ungverjalandi í mars 2020, en var blásinn af vegna Covid 19.

Undankeppni U17 (2004/2005) átti að fara fram í Eistlandi í september 2020, en eftir að búið var að fresta í tvígang, fyrst í nóvember 2020 og síðan í febrúar 2021, var ákveðið að blása keppnina alveg af og engin keppni yrði á vegum UEFA hjá þessum aldurshópi fyrr en í haust vegna Covid 19.

Lokaorð

Á upptalningunni hér að ofan má sjá að árið litaðist mjög af heimsfaraldrinum og öll yngri landslið kvenna náðu einungis að spila samtals fimm æfingaleiki. Öllum keppnum á vegum UEFA var aflýst sem og Opna Norðurlandamótinu og þá fóru engir æfingaleikir fram á seinni hluta ársins. Sömu sögu má segja um æfingar liðanna sem var aflýst vegna sóttvarnarreglna hér innanlands. Leikir U19 kvenna á La Manga í byrjun mars gáfu fyrirheit um að þetta efnilega lið gæti átt mikla möguleika á góðum úrslitum í milliriðli og því var sérstaklega grátlegt að það tækifæri hafi runnið liðinu úr greipum.

Þjálfarar liðanna og leikmenn voru ekki öfundsverðir af stöðunni og það verður snúið að vinna upp þetta tapaða ár þegar kemur að því að öðlast alþjóðlega reynslu á knattspyrnuvöllinum. Að vísu er það sama upp á teningnum í öllum öðrum löndum Evrópu og víðar. Við í unglínganefnd kvenna, ásamt þjálfurum og starfsmönnum liðanna, tókum því fagnandi á móti nýju ári og vonum að það færi okkur mun fleiri tækifæri á knattspyrnuvöllinum. Þjálfurum liðanna, þeim Þórði Þórðarsyni og Jörundi Áka Sveinssyni, þakka ég samstarfið á þessu skrýtna ári. Einnig þakka ég starfsmönnum liðanna og starfsfólki KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður unglínganefndar kvenna

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Árangur landsliða Íslands á árinu 2020

Lið	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jaftefli	Töp	Markamismunur
A karla	10	3	0	7	8	20	30%	0%	70%	-12
U21 karla	5	4	0	1	9	3	80%	0%	20%	6
U19 karla	0									
U18 karla	0									
U17 karla	4	2	0	2	5	4	50%	0%	50%	1
U16 karla	0									
U15 karla	0									
Samtals karla	19	9	0	10	22	27	53%	0%	47%	-5
Lið	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jaftefli	Töp	Markamismunur
A kvenna	8	5	1	2	16	5	63%	12%	25%	11
U19 kvenna	3	3	0	0	13	2	100%	0%	0%	11
U17 kvenna	2	0	2	0	3	3	0%	100%	0%	0
U16 kvenna	0									
U15 kvenna	0									
Samtals kvenna	13	8	3	2	32	10	54%	37%	8%	22
Samanlagt	32	17	3	12	54	37	54%	19%	28%	17

[Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ](#)

[Yfirlit þeirra leikmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ](#)

A landsleikir karla 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=112&felag=136924&mot=40901&mot=41061&mot=41581>

U21 landsleikir karla 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=281&felag=136924&mot=42041&mot=39421>

U19 landsleikir karla 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=380&felag=136924&mot=40962&mot=41042&mot=40981>

U17 landsleikir karla 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=421&felag=136924&mot=40961&mot=41101&mot=41102>

A landsleikir kvenna 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=112&felag=136924&mot=39941&mot=41141>

U19 landsleikir kvenna 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=380&felag=136924&mot=40942&mot=41404>

U17 landsleikir kvenna 2020

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2020&flokkur=421&felag=136924&mot=40941&mot=41121>

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Valgeir Sigurðsson, formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Björn Friðbjólfsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Sveinbjörn Másson, Vignir Már Þormóðsson og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson, mótastjóri, og Guðlaugur Gunnarsson. Einnig sinntu Pjetur Sigurðsson og Þorvaldur Ingimundarson ýmsum störfum tengdum mótamálum. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ eru birt á vef KSÍ og í bókinni *Íslensk knattspyrna 2020* eftir Víði Sigurðsson, sem Sögur útgáfa gefur út. Þetta er í 19. skiptið sem KSÍ birtir öll úrslit og stöðutöflur í bókinni. Aðildarfélög KSÍ fá eintak af bókinni.

Flokkun og fjöldi leikja

Leikjum fækkar um 575 milli ára. Skýrist það aðallega af því að 308 leikir fóru ekki fram vegna Covid-19, ásamt því að KSÍ stendur ekki lengur fyrir mótahaldi í 6. aldursflokki (Polla- og Hnátumótin). Jákvætt er að sjá að í 4. og 5. flokki þar sem mót kláruðust alveg er veruleg fjölgun leikja milli ára, þ.e. fjölgun um 243 leiki. Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um leikjafjölda 2020 og samanburð við árin á undan.

Heildarfjöldi KSÍ leikja

Leikár	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2012	2010	2008	2006
Leikir samtals	4.864	5.439	5.333	5.675	5.361	5.300	5.439	5.403	5.515	4.998	5.179

Meistaraflokkur karla	2020	2019	2018
Íslandsmót og Meistarakeppni	690	753	711
Bikarkeppni	76	79	77
Deildarbikar	93	182	184
Futsal	40	55	52
Samtals:	899	1069	1024

Meistaraflokkur kvenna	2020	2019	2018
Íslandsmót og Meistarakeppni	229	223	237
Bikarkeppni	25	27	27
Deildarbikar	11	62	71
Futsal	12	6	15
Samtals:	277	318	350

2. flokkur karla	2020	2019	2018
Íslandsmót	322	350	350
Bikarkeppni	21	25	24
Samtals:	343	375	374

2. flokkur kvenna	2020	2019	2018
Íslandsmót	78	98	98
Bikarkeppni	11	13	13
Samtals:	89	111	111

3. flokkur karla	2020	2019	2018
Íslandsmót	437	436	406
Bikarkeppni	29	27	26
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
Samtals:	466	463	432

3. flokkur kvenna	2020	2019	2018
Íslandsmót	167	180	173
Bikarkeppni	18	20	20
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
Samtals:	185	200	193

4. flokkur karla	2020	2019	2018
Íslandsmót	495	518	477
Íslandsmót 8 manna	52	0	30
Samtals:	547	518	507

4. flokkur kvenna	2020	2019	2018
Íslandsmót	317	296	281
Íslandsmót 8 manna	46	20	0
Samtals:	363	316	281

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

5. flokkur karla	2020	2019	2018
Íslandsmót	1071	983	901

5. flokkur kvenna	2020	2019	2018
Íslandsmót	543	464	426

6. flokkur karla	2020	2019	2018
Pollamót	0	251	309

6. flokkur kvenna	2020	2019	2018
Hnátumót	0	195	236

Eldri flokkur karla	2020	2019	2018
Íslandsmót	42	56	65

Mót fatlaðra*	2020	2019	2018
Íslandsleikar	0	0	9

*Leikið í blönduðum liðum / **Alþjóðamót 2017

Landsleikir karla	2020	2019	2018
A landslið	10	12	15
U21 landslið	5	9	9
U18 -19 landslið	0	7	7
U15 - U17 landslið	4	23	22

Landsleikir kvenna	2020	2019	2018
A landslið	8	12	10
U18 -19 landslið	3	13	11
U15 - U17 landslið	2	18	15

Evrópuleikir félagsliða karla	2020	2019	2018
Meistaraflokkur	5	12	16
Unglingaflokkur	0	4	2
Futsal meistaraflokkur	0	3	0

Evrópuleikir félagsliða kvenna	2020	2019	2018
Meistaraflokkur	2	7	5

Samtals:	3392	3785	3686
-----------------	-------------	-------------	-------------

Samtals:	1472	1654	1647
-----------------	-------------	-------------	-------------

Skipulag mótahalds í meistaraflokki

Árið 2020 fer í sögubækurnar vegna áhrifa sem heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði á mótahaldið. Segja má að óveðursskýin hafi byrjað að hrannast upp þegar leið á 2. viku marsmánaðar, veiran var komin til að vera og smitum fjölgaði dag frá degi.

Keppni Lengjubikarsins var frestað 13. mars og þann 19. mars var keppni Lengjubikarsins svo aflýst og keppni Mjólkurbikarsins frestað. Þarna var ljóst að þær takmarkanir sem settar höfðu verið á íþróttaiðkun myndu ná yfir lengri tíma, þó alltaf væri verið að vonast eftir að þetta ástand tæki fljótt af.

Í seinni hluta mars voru margar sviðsmyndir teiknaðar upp varðandi leikdaga í mótunum. Um miðjan apríl fóru að berast upplýsingar sem við máttum þannig að við gætum farið að tilkynna um upphaf móta, var það svo gert 21. apríl. Mót meistaraflokka hófust svo á tímabilinu 5. – 15. júní, 6-8 vikum síðar en upphaflega var gert ráð fyrir.

Mótin voru rétt komin af stað þegar fyrsta smitið kemur upp innan fótboltans. Fyrstu fréttir af því eru föstudaginn 26. júní og svo koma fréttirnar ein af annari. Næstu vikurnar þurftu nokkur félög að fara í 14 daga sóttkví með tilheyrandi frestunum leikja og röskunar á mótahaldi. Mesta röskunin var í Pepsi Max deildum karla og kvenna.

31. júlí var öllum mótum (3. flokks og eldri) frestað í tvær vikur. Við þetta frestuðust 97 leikir í mótum meistaraflokka sem hafði þau áhrif að seinka þurfti lokum móta enn frekar svo hægt væri að koma mótunum fyrir.

Óvissa með leikdaga og fyrirkomulag á Evrópukeppnum félagsliða varð til þess að við upphaf mótanna var einungis gefin út staðfest niðurröðun fram að Verslunarmannahelgi. Þegar Evrópukeppni félagsliða hófst tók við

ný áskorun því félagsliðin okkar þurftu að fara í heimkomusóttkví eftir leiki erlendis. Heimkomusóttkví félagsliðanna varð þó ekki til þess að fresta þurfti leikjum.

Leikið var mjög þétt eftir að keppni hófst í ágúst og fram að 6. október þegar keppni í fótbolta var frestað í samræmi við tilmæli yfirvalda. Þegar þarna var komið var keppni lokið í 4. deild, 13 leikir eftir í 3. deild karla, 12 leikir eftir í 2. deild karla, 13 leikir eftir í Lengjudeild karla og 25 leikir eftir í Pepsi Max deild karla. Í 2. deild kvenna voru 10 leikir eftir, í Lengjudeild kvenna voru 5 leikir eftir og í Pepsi Max deild karla voru 14 leikir eftir. Í Mjólkurbíkar karla og kvenna átti eftir að leika undanúrslit og úrslitaleik. Þegar ljóst varð 30. október að aðgerðir sóttvarnaryfirvalda yrðu hertar og framlengdar til og með 17. nóvember var ljóst að ekki yrði áfram haldið og keppni var aflýst. Um þá ákvörðun er hægt að lesa um í bókun stjórnar KSÍ frá 30. október 2020. <https://www.ksi.is/um-ksi/frettir/frettasafn/frett/2020/10/30/Keppni-haett/>

Röð liða í mótunum var ákveðin í samræmi við Covid reglugerð KSÍ, þ.e. samkvæmt meðalfjölda stiga pr. leik. Þegar keppni var aflýst hafði tekist að ljúka rúmum 90% leikja í meistaraflokk.

Þetta ástand sem Covid-19 skapaði reyndi verulega á knattspyrnusamfélagið allt. Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála fór ekki varhluta af því og voru fjölmargar áskoranir í gegnum allt tímabilið í tengslum við endurröðun móta, að finna nýja leikdaga fyrir frestaða leiki eða að teikna upp mögulegar sviðsmyndir.

Reglugerð um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19)

Í lok mars, eftir að ákveðið var að aflýsa keppni Lengjubikarsins, var farið að ræða það að við þyrftum að undirbúa okkur með það hvernig brugðist yrði við ef fresta þurfti leikjum og/eða aflýsa Íslandsmótinu vegna Covid-19. Ekkert regluverk var til staðar varðandi það hvernig bregðast ætti við því ástandi sem skapast hafði víða í Evrópu og gæti eins gerst hér varðandi frestanir leikja og ef aflýsa þyrfti mótum áður en öllum leikjum væri lokið.

Á fjölmörgum fundum mótanefndar í apríl, m.a. með ÍTF, fulltrúum félaga í Pepsi Max deild karla og Lengjudeild karla, var niðurstaðan sú að mótanefndin taldi að það væri nauðsynlegt að hafa skýrar línur hvað þetta varðar, t.d. hvaða forsendur þyrftu að vera til staðar svo félög fengju leikjum frestað og hvernig farið yrði með niðurstöðu mótanna ef aflýsa þyrfti keppni.

Þann 14. maí var stjórn KSÍ upplýst um það að mótanefnd væri að vinna að tillögum að útfærslum ef upp kæmu aðstæður sem kæmu í veg fyrir eða myndu tefja venjubundna framvindu móta. Nefndin vann minnisblað um málið sem var svo kynnt stjórn ÍTF þann 26. maí. Á þessum fundi með stjórn ÍTF var ljóst að ekki var einhugur um lokadagsetningu móta. Þó var ljóst að mikill meirihluti stjórnar ÍTF taldi óraunhæft að mótin gætu spilast langt inn í veturinn. Niðurstaðan var sú að kanna nánar í samráði við ÍTF hug félaganna í Pepsi Max deild karla til þess átta sig betur á því hvenær þau teldu að síðasti mögulegi leikdagur gæti orðið og hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til að leik yrði frestað. Af þeim tíu félögum sem brugðust við könnuninni eða náðist í voru 6 félög á því að ekki ætti að leika lengur en fram í miðjan nóvember. Eitt félag hafði ekki tekið afstöðu og þrjú voru tilbúin að halda áfram inn í veturinn.

Þann 18. júní var svo kynnt í stjórn KSÍ uppfærð útgáfa af minnisblaði mótanefndar ásamt drögum að reglugerð sem byggði á heimild 44. greinar laga KSÍ sem er afdráttarlaus hvað það varðar að stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna innan vébanda ÍSÍ, sem lög eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Stóru atriðin í þessari reglugerð sneru að því hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til að leikjum yrði frestað, hve lengi ætti að reyna að leika til að klára mótin og hve mikið þyrfti að vera búíð af mótinu til að hægt væri að aflýsa mótum þannig að niðurstaða fengist í þau. Niðurstaðan var að í reglugerðinni var ákvæði um að 5 leikmenn úr byrjunarliði síðustu tveggja leikja yrðu að vera fjarverandi vegna Covid-19 til að fá leik frestað, að ekki yrði leikið síðar en 1. desember og að 2/3 af leikjum yrði að vera lokið svo niðurstaða fengist í mótin. Í lok júní, þegar fyrstu smitin komu upp í tengslum við fótboltann, reyndi verulega á þau viðmið sem sett höfðu verið fram í reglugerðardrögunum.

Þann 18. júlí og eftir umræður í laga- og leikreglanefnd var umrædd reglugerð samþykkt í stjórn KSÍ. Kannski hafði enginn trú á því að þetta ástand kæmi til með að ná inn í sumarið og haustið eins og raunin varð. Sem

betur fer höfðu viðbrögð við þessu ástandi verið undirbúin og varð því ekki það óvissuástand sem mögulega hefði skapast ef það hefði ekki verið gert.

Fjöldi leikja sem ekki fór fram vegna Covid-19

Mót	Karla	Kvenna
Lengjubikarinn	94	60
Íslandsmót og bikarkeppni meistaraflokks	74	23
Íslandsmót og bikarkeppni 2. flokks	35	14
Íslandsmót og bikarkeppni 3. flokks	7	1

Fjöldi liða í meistaraflokki

HK og Víkingur R. ákváðu að tefla ekki fram sameiginlegu liði í meistaraflokki kvenna líkt og verið hafði frá 2001. Víkingur R. tók sæti sameiginlega liðsins í Lengjudeild kvenna og HK hóf keppni í 2. deild kvenna skv. samkomulagi félaganna þar um. Fram tefldi fram liði að nýju eftir árs fjarveru og Hamar tók þátt í fyrsta skipti í sögu félagsins. Leiknir R. hætti við þátttöku í meistaraflokki kvenna. Árið 2020 tóku því 29 félög þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna.

Fenrir, Kóngarnir og Úlfarnir tilkynntu ekki þátttöku í meistaraflokki karla. Þrjú ný félög bættust við í Íslandsmótið; ÍBU, KFB og Smári. Fjöldi liða í Íslandsmóti meistaraflokks karla var því áfram 79.

Fjöldi liða í mótum

Í ár tóku 725 keppnislið aðildarféлага þátt í mótum á vegum KSÍ, 492 lið karla og 233 lið kvenna. Þátttökuliðum fækkaði um 136 milli ára. Fækkunina má rekja til þess að KSÍ hætti að standa fyrir keppni Polla- og Hnátumótanna. Ánægulegt er að sjá að liðum hafi fjölgað verulega bæði í 5. og 4. flokki karla og kvenna. Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni.

Samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif á aðsókn

Samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif á aðsókn að leikjum í Pepsi Max deildum karla og kvenna stóran hluta keppnistímabilsins. Fjöldatölur og mæting á leiki almennt endurspeglast í þeim takmörkunum sem voru í gildi hverju sinni. Um skeið máttu einungis vera 20 áhorfendur á hverjum leik (10 frá hvoru félagi) og á öðrum tímum voru ýmist leyfðir 100, 200 eða 400 áhorfendur, oftast í sóttvarnarhólfum innan hvers leikvangs. Leikvangar féлага eru ólíkir og hafði það jafnframt mikil áhrif á það hversu mörg hólf voru möguleg á hverjum leikvangi. Þá má einnig geta þess að ekki léku öll lið jafn marga heimaleiki og sum lið léku ekki heimaleiki á meðan einungis 20 áhorfendur voru leyfðir, en önnur lið léku jafnvel tvo heimaleiki á þeim tíma. Hér eru því ekki stiklað á stóru um meðalaðsókn einstakra féлага.

Þann 30. október tilkynnti stjórn KSÍ að keppni í Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ skyldi hætt, og höfðu þá engir leikir farið fram frá því snemma í október.

Pepsi Max deild karla

Best sótti leikurinn í Pepsi Max deild karla var viðureign KR og Breiðabliks á KR-velli þann 7. júlí þar sem mættu 2.352 manns. Aðrir leikir í Pepsi Max deild karla þar sem áhorfendafjöldinn náði yfir tvö þúsund manns voru viðureignir Breiðabliks og Gróttu annars vegar (2.114) og Fylkis og KR hins vegar (2.020). Heildaraðsókn að leikjunum 107 sem voru leiknir í Pepsi Max deild karla var 66.167 og meðaltalið á hverjum leik var 618.

Pepsi Max deild kvenna

Meðalaðsókn að leikjum fyrstu umferðar Pepsi Max deildar kvenna var 321 og í 2. umferð var meðaltalið 330. Þessar tölur gáfu vonir um að aftur yrði hækkun á meðalaðsókn að leikjum deildarinnar frá árunum á undan (211 árið 2019 og 128 árið 2018). Niðurstaðan var þó sú að heildaraðsókn að þeim 78 leikjum deildarinnar sem fóru fram var 14.353 og meðalaðsókn var 184. Best sótti leikurinn var viðureign Breiðabliks og Vals á Kópavogsvellinum 21. júlí (683). Í fjórum öðrum leikjum var aðsóknin yfir fjögur hundruð manns.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Pepsi Max deild karla	2020*	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Samtals	66.167	134.354	113.761	110.675	128.741	146.137	121.852	139.576	136.740	148.163
Meðaltal á leik	618	1.018	862	838	975	1.107	923	1.057	1.034	1.122

Pepsi Max deild kvenna	2020*	2019	2018
Samtals	14.352	18.350	16.740
Meðaltal á leik	184	215	186

Íslandsmót yngri flokka

Líkt og í mótum meistaraflokka þá litaðist mótahaldið af Covid-19. Keppni hófst seinna en í venjulegu ári og ekki náðist að ljúka allri keppni í 2. flokki vegna Covid-19. Gerðar voru breytingar á fyrirkomulagi í úrslitakeppni 4. flokks A, B og C-liða. Ekki var lengur leikið í fjögurra liða riðlum líkt og mörg undanfarin ár, þess í stað var leikið með úrsláttarfyrirkomulagi. Þannig var algerlega komið í veg fyrir að markatala gæti ráðið úrslitum. Þetta form reyndist vel.

Gerðar voru breytingar á keppnisfyrirkomulagi í 5. flokki á þann hátt að leiktími var lengdur í 60 mínútur ásamt því að leikreglum var breytt þannig að innspark er nú tekið í stað þess að taka innkast til að koma bolta í leik. Ákveðið var að KSÍ drægi sig út úr skipulagi mótahalds í 6. flokki, enda er nægt framboð á mótum á vegum félaganna í þessum aldursflokki. KSÍ hafði staðið fyrir keppni í Polla- og Hnátumótum óslitið frá árinu 1985.

Íslandsmót í knattspyrnu innanhúss – Futsal

13 lið karla og 4 liða kvenna tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks í knattspyrnu innanhúss. Ekkert íslenskt félagslíð tók þátt í Meistaradeild UEFA í Futsal árið 2020. Ákveðið hefur verið að Íslandsmótið í Futsal 2021 fari ekki fram vegna Covid-19.

Vanræksla, agabrot og sektir

Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Að venju voru sektir hæstar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Einnig var um að ræða sektir vegna ólöglegra leikmanna, úrsagna úr mótum og vegna liða sem ekki mættu til leiks. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir. Í sjö tilfellum þurfti að sekta félög vegna liða á þeirra vegum sem ekki mættu til leiks. Heildarsektir á félögin voru um 3,1 milljónir króna, en voru rúmlega 2,7 milljónir árið 2019. Hækkunin skýrist að mestu af fjölgun mála hjá aga- og úrskurðarnefnd sem leiddi til sekta.

	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Fjöldi liða sem hættu þátttöku	22	27	34	30	29	24	29	41	37	33
Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki	7	6	11	6	7	9	6	16	3	15

KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast skipulagningu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. Mótanefndir KRR og Faxaflóamótanna sameinuðu keppni í öllum yngri flokkum kvenna ásamt 2. og 3. flokki karla. Leikirnir teljast sem leikir í Faxaflóamótunum sem skýrir fjölgun leikja þar á móti fækkun KRR leikja því þar teljast bara leikir Reykjavíkurfélaganna í 4. og 5. fl. karla. Reykjavíkur- og Faxaflóamótunum var frestað og fóru engir leikir fram eftir 13. mars í mótunum sem skýrir þessa miklu fækkun leikja milli ára.

Heildarfjöldi leikja	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
KRR-mót	340	743	921	913	792	809	795	903	772	1.215
Faxaflóamót	1.187	1.576	1.359	1.250	1.196	873	844	1.316	1.053	1.378

Lokaorð

Aldrei í rúmlega 100 ára sögu Íslandsmóta í knattspyrnu hefur þeim lokið jafn snautlega og árið 2020. Heimsstyrjaldir, eldgos eða aðrar hamfarir hafa ekki komið í veg fyrir að ljúka Íslandsmótum í knattspyrnu fyrr en nú. Heimsfaraldur kórónuveiru og þær ráðstafanir sem gerðar voru í sóttvarnarskygni settu sitt mark á knattspyrnuna eins og allt okkar líf á árinu og í fyrsta sinn lukum við ekki okkar hefðbundna mótahaldi að fullu.

Óhætt er að segja að það hafi reynt á knattspyrnusamfélagið í heild við að aðlaga sig og bregðast við algerlega nýjum og áður óþekktum aðstæðum á liðnu leiktímabili.

Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða um vonbrigðin sem það voru að slá mótin af þann 30. október, en þá var endanlega ljóst að ekki yrði lengra haldið.

Vonandi verður Covid-19 að baki í núverandi mynd á nýju ári og hægt að stunda knattspyrnu líka þeirri sem við þekkjum og á þann hátt sem við viljum sjá í þessum stórbrotna leik!

Nú þurfum við að horfa fram á við – halda ótrauð áfram við að þróa og bæta mótahaldið og gæði íslenskrar knattspyrnu.

Aðildarfélögnum, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, dómurum og knattspyrnuáhugafólki öllu þakka ég samstarfið á þessu einkennilega ári.

Einnig þakka ég samstarfsfólki mínu í stjórn KSÍ, nefndarmönnum í mótanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir mikið og gott samstarf á árinu 2020. Sérstakar þakkir fær Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ.

Valgeir Sigurðsson, formaður

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Þátttaka í mótum utanhúss 2020 - Fjöldi liða

	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***	***
Meistaraflokkur karla	80	81	79	81	76	79	79	74	77	75	75	69	69	68	67	63	63	62	55	53	52					
Eldri flokkur karla 30+	0	4	4	6	6	5	4	5	7	10	11	12	10	9	10	10	15	15	17	18	18					
Eldri flokkur karla 40+	7	7	6	8	8	9	10	9	11	13	14	14	14	13	15	15	14	10	11							
Eldri flokkur karla 50+	6	5	5	6	6	4	4	4	4	5																
2. flokkur karla	27	27	26	27	27	28	28	30	32	29	27	29	30	29	30	29	31	26	30	29						
3. flokkur karla B-lið	17	17	16	18	17	16	17	13	9	8	7	6	6	5	6	5	3									
3. flokkur karla	33	33	31	29	29	29	29	31	29	35	36	32	36	36	35	40	37	34	33	28						
3. flokkur karla B-lið	21	22	31	20	21	21	24	19	20	22	17	16	23	16	16	15	13	10	9	5						
3. flokkur karla C-lið	12	10	11	9	11	15	9	8	6	0	4	6														
3. flokkur karla 7 manna	0	0	0	3	0	0	2	9	5	9	6	3	3	6	7	3	4	8	9	19	19					
4. flokkur karla A-lið	33	36	35	35	35	35	34	36	37	36	36	36	37	42	40	43	43	38	38	33	28					
4. flokkur karla B-lið	19	19	22	30	26	23	22	24	26	26	24	21	25	21	24	27	24	20	14	15	15					
4. flokkur karla C-lið	31	31	32	25	22	16	19	21	17	15	12	9	11	11	0	6	5	6	6							
4. flokkur karla 8 manna	12	0	6	7	7	2	8	11	8	9	17	15	6	3	15	16	15	14	16	23	29					
5. flokkur karla A-lið	46	43	43	45	46	45	43	47	45	49	52	50	48	43	49	53	52	58	54	47	46					
5. flokkur karla B-lið	53	40	45	48	46	46	44	39	41	44	43	38	40	42	45	46	45	46	44	39	41					
5. flokkur karla C-lið	51	41	36	40	41	43	31	34	39	42	43	33	30	33	28	28	27	23	27	26	25					
5. flokkur karla D-lið	44	50	48	46	48	38	31	33	31	38	38	28	26	30	23	25	27	19	13	15						
6. flokkur karla A-lið	0	26	34	37	32	42	55	53	42	48	39	51	45	41	40	51	43	46	46	45						
6. flokkur karla B-lið	0	25	36	43	37	45	57	58	45	48	39	42	32	35	38	39	39	35	44	35	34					
6. flokkur karla C-lið	0	30	37	42	34	46	62	65	33	39	36	25	42	26	24	25	33	25	26	26						
6. flokkur karla D-lið	0	20	26	33	31	34	46	55	34	31	37	25	22	18	22	22	24	25	20	13						
Alls karla	492	567	609	638	606	620	658	674	598	628	614	565	548	528	545	551	559	527	515	508	437					
Meistaraflokkur kvenna	29	28	28	29	32	30	28	27	27	24	26	22	22	24	22	20	21	23	20	17	19					
2. flokkur kvenna	14	15	15	14	14	12	14	15	16	17	14	13	14	12	10	11	15	14	13	13	13					
3. flokkur kvenna	21	21	20	22	20	21	21	20	27	27	27	24	19	16	20	22	23	21	17	16	14					
3. flokkur kvenna B-lið	9	10	9	8	6	9	8	5	0	0	0	6	4													
3. flokkur kvenna 7 manna	0	0	0	0	0	0	2	5	9	10	10	10	11	13	14	13	18	17	16	16	19					
4. flokkur kvenna A-lið	26	25	28	27	26	26	28	28	27	26	31	28	28	22	22	22	34	33	33	32	30					
4. flokkur kvenna B-lið	23	22	17	19	17	12	15	16	12	10	10	8	8	13	9	6	25	19	20	18	15					
4. flokkur kvenna C-lið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	6	3	5						
4. flokkur kvenna 8 manna	10	5	0	0	4	6	2	10	13	8	12	6	13	17	18	20										
5. flokkur kvenna A-lið	38	32	31	32	32	31	31	33	33	35	37	37	35	34	32	41	35	27	24	27	29					
5. flokkur kvenna B-lið	28	28	28	32	30	29	26	31	35	33	28	28	28	26	23	30	32	17	17	22	16					
5. flokkur kvenna C-lið	22	18	20	18	14	16	14	13	14	13	12	11	9	10	18	15										
5. flokkur kvenna D-lið	13	10	9	9	9	11	8	8	9	12	8															
6. flokkur kvenna A-lið	0	25	26	26	26	31	35	37	31	30	31	35	25	31	32	33										
6. flokkur kvenna B-lið	0	22	27	24	25	28	37	34	28	24	29	21	23	12	25	26										
6. flokkur kvenna C-lið	0	20	22	21	22	24	23	28	14	12	18	19	8	9	7											
6. flokkur kvenna D-lið	0	13	18	16	16	17	15	12	8	7	5															
Alls kvenna	233	294	298	297	293	303	307	322	303	288	298	268	247	239	252	259	214	177	171	177	155					
Alls þátttaka	725	861	907	935	899	923	965	996	901	916	912	833	795	767	797	810	773	704	686	685	592					

ATH - KSÍ hætti á árinu að standa fyrir mótum í 6. aldursflokki og í Eldri flokki +30.

ATH - Keppni í 4. flokki 8 manna hófst á árinu og kom í stað keppni 7 manna liða í 4. flokki.

Sigurvegarar í mótum utanhúss 2020

Íslandsmót

Pepsi Max deild karla

Valur

Lengjudeild karla

Keflavík

2. deild karla

Kórdringir

3. deild karla

KV

4. deild karla

ÍH

Eldri flokkur karla 40+

Valur/KH

Eldri flokkur karla 50+

Keflavík

2. flokkur karla

FH

3. flokkur karla

Breiðablik

3. flokkur karla B-lið

Stjarnan

3. flokkur karla C-lið

KA

4. flokkur karla

KA

4. flokkur karla B-lið

KR

Pepsi Max deild kvenna

Breiðablik

Lengjudeild kvenna

Tindastóll

2. deild kvenna

Grindavík

2. flokkur kvenna

Stjarnan/Álftanes

3. flokkur kvenna

FH

3. flokkur kvenna B-lið

Breiðablik/Augnablik

4. flokkur kvenna

Breiðablik/Augnablik

4. flokkur kvenna B-lið

Breiðablik/Augnablik

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

4. flokkur karla C-lið	HK		
4. flokkur karla 8 manna	Völsungur	4. flokkur kvenna 8 manna	KA
5. flokkur karla A-lið	Grindavík	5. flokkur kvenna A-lið	Breiðablik
5. flokkur karla B-lið	HK	5. flokkur kvenna B-lið	Stjarnan
5. flokkur karla C-lið	Stjarnan	5. flokkur kvenna C-lið	FH
5. flokkur karla D-lið	Afturelding	5. flokkur kvenna D-lið	FH

Bikarkeppni

Mjólkurbikar karla	Keppni hætt	Mjólkurbikar kvenna	Keppni hætt
2. flokkur karla	Keppni hætt	2. flokkur kvenna	Keppni hætt
3. flokkur karla	Fjölur	3. flokkur kvenna	Fylkir

Deildarbikarkeppni KSÍ

Lengjubikar karla - A deild	Keppni hætt	Lengjubikar kvenna - A deild	Keppni hætt
Lengjubikar karla - B deild	Keppni hætt	Lengjubikar kvenna - B deild	Keppni hætt
Lengjubikar karla - C deild	Keppni hætt	Lengjubikar kvenna - C deild	Keppni hætt

Meistarakeppni KSÍ

Meistaraflokkur karla	KR	Meistaraflokkur kvenna	Selfoss
-----------------------	----	------------------------	---------

Tölur yfir áhorfendur í Pepsi Max deild karla 2020

	Breiðablik	FH	Fjölur	Fylkir	Grötta	HK	ÍA	KA	KR	Stjarnan	Valur	Vikingur	Alls heima	Meðaltal
Breiðablik		1483	1335	346	2114		1232	350	252	328	1621		9,061	1,007
FH	485		325	982	882	20	1547	912		20	630	403	6,206	621
Fjölur	200	824		687	618		194	80		1113	683	20	4,419	491
Fylkir	1440	580	20		915	915		815	2020	20		350	7,075	786
Grötta	20		387	100		723	705	188			795	780	3,698	462
HK	950	890	20		20		400		225	380	710	1120	4,715	524
ÍA		302		20	252	860		730	1015	641	386	286	4,492	499
KA	815		640	185	785	379	20		844	100		898	4,666	518
KR	2352	20	743	396	402	899	100			398	20	908	6,238	624
Stjarnan		340	325	1184	20	878		20			250	1158	4,175	522
Valur	504			1028	293	100	922	20	1683	1172		398	6,120	680
Vikingur	20	1152	1179			270	1188	232	350		911		5,302	663
Alls úti	6,786	5,591	4,974	4,928	6,301	5,044	6,308	3,347	6,389	4,172	6,006	6,321	66,167	618
Meðaltal	754	699	553	548	630	560	701	372	913	464	667	632		

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Aðsókn fyrir hverja umferð í Pepsi Max deild karla 2020			
Umferð	Dagur og dagsetningar	Fjöldi áhorfenda	Meðaltal
1 umferð	13-14-15 júní	7780	1297
2 umferð	20-21 júní	6692	1115
3 umferð	28-29 júní, 26. ágúst	5147	858
4 umferð	3-4-5 júlí, 17 ágúst	4075	679
5 umferð	8-9 júlí	4687	937
6 umferð	12-13 júlí	6971	1162
7 umferð	17-18-19 júlí	7316	1219
8 umferð	22-23 júlí	5054	842
9 umferð	26-27 júlí	5714	952
10 umferð	24.sept	2283	381
11 umferð	4.okt	1723	287
12 umferð	14-15-16 ágúst	120	20
13 umferð	20-21-22 og 26 ágúst	120	20
14 umferð	25-26 ágúst, 17.sept, 1.okt	1466	244
15 umferð	30.ágúst, 5 og 17 sept	1003	167
16 umferð	13-14 sept	2253	376
17 umferð	19 og 21 sept	1684	281
18 umferð	27.sept	2079	347
19 umferð	Ekki leikin	0	0 leikir
20 umferð	Ekki leikin	0	0 leikir
21 umferð	Ekki leikin	0	0 leikir
22 umferð	Ekki leikin	0	0 leikir
Samtals		66167	618 107 leikir

	Breiðablik	FH	Fylkir	ÍBV	KR	Selfoss	Stjarnan	Valur	Þór/KA	Þróttur	Alls heima	Meðaltal	Röð
Breiðablik		485		177	305	20	224	683	20	282	2196	275	1
FH	20		143	194	68	243	20		80	173	941	118	10
Fylkir	387			20		349	263	70	60	306	1455	208	3
ÍBV	126	70	118			283	186	184	20	350	1337	167	7
KR		195	363	308		50	62	20		290	1288	184	4
Selfoss	417	52	16		102		158	122	285	214	1366	171	5
Stjarnan		210	237	81	160	170		90	20	321	1289	161	8
Valur	435	268	231	120	233		253		294	20	1854	232	2
Þór/KA	104	203	159	237	289	154	186	13			1345	168	6
Þróttur	236	128	90	20	135	125		425	123		1282	160	9
Alls úti	1725	1611	1357	1157	1292	1394	1352	1607	902	1956	14353	184	
Meðaltal	246	201	170	145	185	174	169	201	113	245			

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Aðsókn fyrir hverja umferð í Pepsi Max deild kvenna 2020			
Umferð	Dagur og dagsetningar	Fjöldi áhorfenda	Meðaltal
1 umferð	12-13-14 júní	1603	321
2 umferð	18 og 20 júní	1652	330
3 umferð	23-24 júní	1334	267
4 umferð	30 júní, 1 júlí, 24 júlí	990	198
5 umferð	6 júlí, 19 ágúst, 30 sept	568	114
6 umferð	14-15 júlí	845	169
7 umferð	19-20-21 júlí	1715	343
8 umferð	28-29 júlí	1548	310
9 umferð	9-Sep	920	184
10 umferð	16-17 ágúst	96	19
11 umferð	23-24 ágúst	80	20 4 leikir
12 umferð	28-29 ágúst	236	59 4 leikir
13 umferð	6-Sep	642	128
14 umferð	12-13 sept	490	98
15 umferð	25-26-27 sept	603	121
16 umferð	3-4 okt	1031	206
17 umferð	Ekki leikin	0	0 0 leikir
18 umferð	Ekki leikin	0	0 0 leikir
		14353	184 78 leikir

Þátttaka í mótum innanhúss 2012 - 2020 - Fjöldi liða

	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Meistaraflokkur karla	13	17	16	16	15	18	19	12	12
2. flokkur karla							7	8	9
3. flokkur karla							10	14	15
4. flokkur karla							6	13	16
5. flokkur karla							12	15	20
Alls karla	13	17	16	16	15	18	54	62	72
Meistaraflokkur kvenna	4	3	6	6	3	8	8	8	6
2. flokkur kvenna							6	8	15
3. flokkur kvenna							14	10	13
4. flokkur kvenna							13	12	14
5. flokkur kvenna							4	12	13
Alls kvenna	4	3	6	6	3	8	45	50	61
Alls þátttaka	17	20	22	22	18	26	99	112	133

Sigurveggarar í Futsal-innanhússmótum 2020

Íslandsmót

Meistaraflokkur karla

Víkingur Ó.

Meistaraflokkur kvenna

Álftanes

Skýrsla dómarnefndar

Sú breyting varð á skipan dómarnefndar 2020 að Jón Sigurjónsson hætti í nefndinni og er honum þakkað fyrir sitt framlag í gegnum tíðina. Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum: Þóroddur Hjaltalín, formaður, Bragi V. Bergmann, Bryndís Sigurðardóttir, Halldór Breiðfjörð, Frosti Viðar Gunnarsson, Ingi Sigurðsson og Viðar Helgason.

Magnús Jónsson og Pjetur Sigurðsson önnuðust umsjón dómaramála KSÍ. Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

Nýir og hættir landsdómarar

Eiður Ottó Bjarnason og Guðmundur Páll Friðbertsson komu inn sem nýir landsdómarar árið 2020. Jóhann Atli Hafliðason kom aftur inn í landsdómarahópinn eftir hlé. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum eftir tímabilið 2019: Ásgeir Þór Ásgeirsson, Bjarni Hrannar Héðinsson, Viatcheslav Titov og Vilhelm Adolffsson. Er þeim þakkað fyrir sitt framlag í gegnum tíðina.

Störf landsdómara

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna þeirra. Ótaldir eru leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhúsmót. Tafla fylgir einnig skýrslunni þar sem birt er yfirlit yfir alþjóðleg störf dómara.

Innlend störf landsdómara	Dómari	Aðstoðardómari	Varadómari	Samtals
2020	730	721	186	1.637
2019	912	969	221	2.102
2018	937	993	209	2.139
2017	945	887	204	2.036
2016	942	761	195	1.898
2015	912	825	64	1.801
2014	936	877	48	1.861
2013	985	874	52	1.911
2012	943	834	48	1.825
2011	1.065	706	40	1.811
2010	881	931	44	1.856
2009	906	898	51	1.855
2008	703	694	68	1.465
2007	676	527	39	1.252
2006	680	537	42	1.259
2005	687	606	36	1.329

Aðrir KSÍ-dómarar

Um 140 aðrir dómarar (D hópur) störfuðu einnig á leikjum þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 4. deild karla, Lengjudeild og 2. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Pepsi Max deild kvenna og í Lengjudeild og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Innlend störf KSÍ dómara	Störf sem dómari	Störf sem aðstoðardómari	Verkefni samtals
2020	294	2.111	2.405
2019	766	1.783	2.549
2018	775	1.887	2.662
2017	614	1.933	2.609
2016	617	1.908	2.525
2015	663	1.895	2.558
2014	594	2.010	2.604
2013	773	1.747	2.520
2012	229	1.510	1.739
2011	324	1.279	1.603
2010	382	1.357	1.739
2009	248	1.199	1.447
2008	443	793	1.236
2007	321	887	1.208
2006	283	745	1.028
2005	270	742	1.012

Futsal

Móti aflýst 2020.

Innlend störf Futsal dómara	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Störf sem dómari	129	201	140	106	174	180	176	84	84	116	50	112

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara.

Fjöldi dómara starfa sem KSÍ raðar dómurum á	
2020	4.042
2019	4.651
2018	4.592
2017	4.785
2016	4.423
2015	4.735
2014	4.465
2013	4.431
2012	3.830
2011	3.606
2010	3.595
2009	3.248
2006	2.259

Niðurröðun

Íslandsmótið byrjaði 6 vikum síðar en vanalega auk þess sem hlé var gert á mótinu í hálfan mánuð í byrjun ágúst. Þetta hafði það í för með sér að leikið var mun þéttara en í venjulegu árferði. Fyrir vikið var mönnun dómara starfa enn meira krefjandi en venjulega og sérstaklega þegar komið var fram á haustið og leikirnir byrjuðu á miðjum degi. Áskoranirnar voru margar og krefjandi og tókst að leysa úr þeim á farsælan hátt. Það voru því mikil vonbrigði að ekki skyldi nást að klára mótið þegar jafn fáir leikir voru eftir og raun bar vitni. Niðurröðunarnefnd vill nota tækifærið og þakka dómurunum fyrir þeirra framlag í að láta dæmið ganga upp. Sem dæmi um leikjamagn þá mannaði skrifstofa KSÍ 190 störf frá fimmtudegi til sunnudags eina helgina í sumar.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Milliríkjadómarar og erlend verkefni

Vegna heimsfaraldursins voru erlend verkefni landsdómara mun færri en áður eða 8 talsins (sjá töflu um erlend verkefni). Tvær breytingar voru gerðar á milliríkjadómarahópnum frá 2019. Aðstoðardómararnir Egill Guðvarður Guðlaugsson og Þórður Arnar Árnason komu nýir inn á listann í stað Bryngeirs Valdimarssonar og Gylfa Tryggvasonar. Hópurinn var skipaður eftirtöldum dómurum 2020.

FIFA-dómarar: Bríet Bragadóttir, Helgi Mikael Jónasson, Ívar Orri Kristjánsson, Vilhjálmur Alvar Þórarinsson og Þorvaldur Árnason.

FIFA-aðstoðardómarar: Andri Vigfússon, Birkir Sigurðarson, Egill Guðvarður Guðlaugsson, Gylfi Már Sigurðsson, Jóhann Gunnar Guðmundsson, Oddur Helgi Guðmundsson, Rúna Kristín Stefánsdóttir og Þórður Arnar Árnason.

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara og eftirlitsmanna árið 2020 koma fram í sérstöku yfirliti.

Erlend verkefni

Íslenskir dómarar störfuðu við leiki á erlendri grundu árið 2020. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda leikja íslenskra dómara á erlendri grundu frá árinu 2003.

2020	2019	2018	2017	2016	2015	2013	2013	2012	2011
8	53	43	37	41	44	51	51	38	30
2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003		
35	29	27	31	29	26	33	23		

Norræn dómarskipti

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Vegna heimsfaraldursins voru engin dómarskipti við hin Norðurlöndin árið 2020.

Dómarskipti við England, Wales og Norður-Írland

Hér var það sama uppi á teningnum og í Norrænu dómarskiptunum. Vegna heimsfaraldursins voru engin dómarskipti við England, Wales og N-Írland.

Þrekæfingar dómara

Fannar Karvel Steindórsson, sem getið hefur af sér gott orð sem þrekþjálfari hjá mörgum afrekshópum, sá um þrekþjálfun dómara eins og undanfarin ár. Honum til halds og trausts var Frosti Viðar Gunnarsson, dómaranefndarmaður. Allir landsdómar eru með púlsklukkur og ber þeim að skila niðurstöðum úr púlsklukku til þrekþjálfara á hálfsmánaðar fresti. Þetta fyrirkomulag auðveldar þjálfara að fylgjast með ástundun hvers og eins og einnig til að leiðbeina viðkomandi dómurum um hvort þeir séu að æfa rétt. Allir landsdómararnir eru með kort í líkamsræktarstöð. Í mars þurfti landsdómarahópurinn að standast þrekpróf til að geta starfað á þeim leikjum þar sem landsdómara er krafist. UEFA fer einnig fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr púlsklukku og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum.

Dómaranámskeið

Á árinu voru haldin byrjendadómaranámskeið víðs vegar um landið hjá þeim félögum sem þess óskuðu.

Kennarar á námskeiðunum voru Helgi Mikael Jónasson, Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín.

Á byrjendanámskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögnum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Mikilvægt er að þau félög sem panta til sín byrjendanámskeið leggi vinnu í að fá inn fólk á námskeiðið sem nýtist þeim og styrki það starf sem fyrir er. Það að boða eingöngu 3. flokk félagsins og láta þar við sitja er ekki vænlagt til árangurs.

Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan aðstoðardómaranámskeið, dómaranámskeið og héraðsdómaranámskeið, en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum. Þróun í fjölda nýrra unglingadómara hin síðari ár hefur verið þessi:

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Nýir unglingadómarar

2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
198	226	203	228	473	513	462	449	288
2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005		
452	511	443	352	268	227	169		

Héraðsdómaranámskeið

Egill Arnar Sigurbórsson og Þóroddur Hjaltalín voru kennarar á héraðsdómaranámskeiðunum.

Virkir dómáramar

Virkir dómáramar	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2006
	925	1.032	937	1.016	1.103	1.664	1.159	1.661	1.415	1.341	1.013	774

Hæfileikamótun

12 dómáramar tóku þátt í hæfileikamótun í ár. Kerfið er þannig byggt upp að hver dómáramari fær læriföður sem fylgist með honum í 5 leikjum yfir árið. Ungir og efnilegir dómárammar utan landsdómáramarahóps sem og dómárammar innan landsdómáramarahópsins tóku þátt í verkefninu.

Eftirlit með leikjum og störfum dómárammar

42 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A deild Lengjubikars karla, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2020. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómárammar. Vinna er hafin við rafræna eftirlitsskýrslu og er reiknað með að hún komist í gagnið árið 2021. Með rafrænni eftirlitsskýrslu er hægt að vinna fjölda gagna um dómárammarana og þá sérstaklega hvar styrkleikar þeirra og veikleikar liggja.

Dómarasáttmálinn

Ísland hefur verið aðili að dómarasáttmála UEFA frá árinu 2009. Auk fjárhagslegs styrks er hér einnig um að ræða viðurkenningu á því að KSÍ sé að uppfylla þá gæðastaðla sem krafist er af UEFA þegar kemur að dómárammálum.

Knattspyrnulögin

Eins og undanfarin ár bar Gylfi Þór Orrason hitann og þungan af útgáfu knattspyrnulaganna. Metnaðurinn og vinnusemin sem Gylfi hefur lagt í málaflokkinn undanfarin ár er ómetanlegur fyrir íslenska knattspyrnu.

Kostnaður vegna dómgæslu og eftirlits 2020

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu 2020 voru 142,9 milljónir króna.

Lokaorð

Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómárammála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf á árinu 2020.

Þóroddur Hjaltalín, formaður

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Aðrir landsdómarar	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	
Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson	0	0	12	0	5	0	0	0	2	0	5	0	3	0	2	0	29	0	5	0	0	0	0	0	0	0	5	0	34	0	10		
Antoníus Bjarki Halldórsson	0	0	0	12	0	6	0	2	0	0	0	0	1	0	3	0	24	0	2	0	0	0	0	0	1	0	26	0	0				
Arnar Ingi Ingvarsson	0	0	8	0	6	0	0	0	0	0	3	0	3	0	3	0	23	0	3	0	0	0	0	0	1	0	28	0	9				
Arnar Þór Stefánsson	0	0	3	0	2	0	1	0	0	0	0	0	3	0	1	0	10	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	11	0	4			
Atli Haukur Arnarsson	0	0	0	0	8	0	4	0	2	0	1	0	2	0	2	0	19	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	0	21	0	3		
Ásmundur Þór Sveinsson	0	0	0	0	7	0	5	0	2	0	0	0	1	0	2	0	17	0	6	0	0	0	0	0	2	0	1	0	9	0	26	0	1
Birgir Þór Þrastarson	0	0	0	1	0	4	4	2	2	0	5	0	1	0	2	0	14	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	14	7	1			
Breki Sigurðsson	0	0	0	15	0	8	1	1	1	0	0	0	3	0	5	2	32	0	1	0	0	0	0	0	1	0	2	2	34	0	0		
Eiður Ottó Bjarnason	0	0	0	0	5	0	6	0	1	0	2	0	2	0	3	0	19	0	4	0	1	0	0	0	0	0	5	0	24	0	3		
Elvar Smári Arnarsson	0	0	0	1	0	2	0	1	0	2	0	2	0	0	0	3	0	11	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	12	1	0	
Eydís Ragna Einarasdóttir	0	0	0	0	0	0	2	0	2	0	0	0	0	0	1	0	5	0	11	0	5	0	0	0	2	0	1	0	19	0	24	0	0
Guðgeir Einarsson	0	0	7	1	4	0	2	0	0	0	0	0	3	0	2	0	18	1	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	19	1	3		
Guðmundur Páll Friðbertsson	0	0	0	0	5	0	5	0	3	0	3	0	2	0	1	0	19	0	8	0	0	0	0	0	1	0	0	9	0	28	0	6	
Guðmundur Valgeirsson	0	1	0	11	0	4	0	3	1	0	0	3	0	4	1	2	28	0	5	0	0	0	0	1	0	0	1	5	3	33	1	1	
Gunnar Freyr Flóbertsson	0	0	5	0	7	0	0	0	0	0	2	0	2	0	2	0	18	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	0	22	0	4		
Gunnar Oddur Hafliðason	0	0	6	0	6	0	3	0	1	0	3	0	2	0	2	0	23	0	4	0	0	0	0	0	0	1	0	5	0	28	0	14	
Gunnþór Steinar Jónsson	0	0	0	0	2	0	1	0	1	0	1	0	1	0	2	0	8	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	0	10	0	2		
Helgi Ólafsson	0	0	0	0	9	0	9	0	0	0	2	1	2	0	3	0	25	1	2	0	0	0	0	0	0	1	0	3	0	28	1	3	
Jóhann Atli Hafliðason	0	0	0	0	4	0	10	0	2	0	8	0	1	0	0	0	25	0	3	0	0	0	0	0	1	0	0	4	0	29	0	2	
Krisinn Friðrik Hrafnsson	0	0	11	0	4	0	0	0	0	0	1	0	4	0	3	0	23	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	2	0	25	0	5	
Steinar Berg Sævarsson	0	0	0	0	6	0	6	0	1	1	1	1	2	0	3	0	19	2	6	0	0	0	0	0	0	0	6	0	25	2	3		
Steinar Gauti Þórainsson	0	0	0	8	8	0	1	1	1	0	0	0	1	2	1	0	12	11	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	13	11	0		
Sveinn Arnarsson	0	0	2	5	7	1	4	0	1	0	1	0	0	2	2	2	17	10	3	0	0	0	0	0	1	0	1	0	5	0	22	10	4
Valdimar Pálsson	0	0	4	0	6	0	2	0	0	0	0	0	3	0	4	0	19	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	20	0	4		
Þórður Már Gylfason	0	0	3	0	6	0	4	0	2	0	0	0	2	0	2	0	19	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	0	23	0	7		
Verkefni alls:	107	214	120	179	120	50	76	27	41	10	53	13	74	88	83	88	674	669	77	37	8	6	3	1	17	9	8	2	113	55	730	721	186

Alþjóðleg verkefni dómara á erlendri grundu									
Nr.	Dags.	Land	Leikstaður	Mót og lið	Leikur	Dómari	Aðstoðardómari 1	Aðstoðardómari 2	Fjórði dómari
1	27.08.2020	Gibraltur	Gibraltur	Evrópudeildin	Lincoln Red Imps-Union Titus	Helgi Mikael Jónasson	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Egill Guðvarður Guðlaugsson	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson
2	27.08.2020	Skotland	Aberdeen	Evrópudeildin	Aberdeen-NSÍ Runavík	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Oddur Helgi Guðmundsson	Þorvaldur Árnason
3	02.09.2020	Færeyjar	Tóftir	U21 karla	Færeyjar-Ísrael	Helgi Mikael Jónasson	Birkir Sigurðarson	Þórður Arnar Árnason	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson
4	08.09.2020	Finnland	Helsinki	U21 karla	Finnland-Ukraína	Þorvaldur Árnason	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Gylfi Már Sigurðsson	Ívar Orri Kristjánsson
5	24.09.2020	Færeyjar	Klaksvík	Evrópudeildin	KÍ-Connah's Quay Nomads FC	Þorvaldur Árnason	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Andri Vigfússon	Pétur Guðmundsson
6	08.10.2020	Króaía	Zagreb	U21 karla	Króaía-San Marínó	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Þorvaldur Árnason
7	09.10.2020	Portúgal	Estoril	U21 karla	Portúgal-Noregur	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	Gylfi Már Sigurðsson	Birkir Sigurðarson	Helgi Mikael Jónasson
8	22.10.2020	Wales	Newport	EM A kvenna	Wales-Færeyjar	Briët Bragadóttir	Rúna Kristín Stefánsdóttir	Eydís Ragna Einarasdóttir	Bergrós Unudóttir
Alþjóðleg verkefni eftirlitsmanna									
Dags.	Land	Leikstaður	Mót og lið	Leikur	Eftirlitsdómari				
20.02.2020	Belgía	Brugge	Evrópudeildin	Brugge-Manchester United	Gylfi Þór Orrason				
08.09.2020	Danmörk	Kaupmannahöfðin	Þjóðadeildin	Danmörk-England	Gylfi Þór Orrason				
11.10.2020	Kazakstan	Almaty	Þjóðadeildin	Kazakstan-Albanía	Gylfi Þór Orrason				

Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar

Eftirtaldir voru kosnir í aga- og úrskurðarnefnd á ársþingi KSÍ árið 2019 til tveggja ára: Gunnar Guðmundsson, formaður, Halldór Frímansson, varaformaður, Sigurður Ingi Halldórsson, varaformaður, Björg Ásta Þórðardóttir, Helgi R. Magnússon, Sigrún S. Óttarsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Pröstur Rikharðsson.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tvíþætt meginhlutverk, annars vegar úrskurðar nefndin í agamálum og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi í kærumálum. Nefndin starfar óháð KSÍ, en hefur sér til aðstoðar starfsmann á skrifstofu KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar vikulega á keppnistímabilinu og voru reglulegir þriðjudagsfundir nefndarinnar 25 í ár. Þar fyrir utan kemur nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál.

Fjöldi spjalda á undanförunum árum hefur verið svipaður á milli ára. Spilaðir leikir árið 2020 voru þó færri en árið 2019 sem má rekja til þess að keppni var hætt áður en öllum mótum var fyllilega lokið. Fjöldi spilaðra leikja í Íslandsmótum meistaraflokks karla voru 689 (752 árið 2019). Heildarfjöldi gulra spjalda árið 2020 í þessum deildum voru því færri heldur en árið 2019 í karladeildum sem kann að skýrast vegna færri spilaðra leikja. Rauðu spjöldin voru þó fleiri en á síðastliðnu tímabili í sömu deildum þrátt fyrir færri leiki. Í leikjum á Íslandsmóti meistaraflokks karla í landsdeildum voru sýnd 4,77 gul spjöld að meðaltali í leik (4,47 árið 2019), en 0,36 rauð í leik (0,22 árið 2019). Heildarfjöldi leikja í landsdeildum kvenna voru 229 leikir. Í leikjum á Íslandsmóti meistaraflokks kvenna í landsdeildum voru sýnd 2,34 gul spjöld að meðaltali í leik (1,82 árið 2019) en 0,28 rauð í leik (0,1 árið 2019). Þó er fjöldi spjalda misjafn á milli deilda. Sjá hér að neðan yfirlit til frekari fróðleiks:

Spjöld í deildum árið 2020

	Gul spjöld	Rauð spjöld	Leikjafjöldi	Meðaltal spjalda á leik	
				Gul spj.	Rauð spj.
Pepsi Max deild karla	509	34	107	4.76	0.32
Lengjudeild karla	588	40	119	4.94	0.34
2. deild karla	612	40	120	5.1	0.33
3. deild karla	575	32	119	4.83	0.27
<u>4. deild karla</u>	<u>950</u>	<u>56</u>	<u>224</u>	<u>4.24</u>	<u>0.25</u>
Samtals:	3.234	202	689	4,77	0,36
Pepsi Max deild kvenna	216	6	78	2.8	0.08
Lengjudeild kvenna	162	5	85	1.9	0.6
<u>2. deild kvenna</u>	<u>153</u>	<u>10</u>	<u>66</u>	<u>2.32</u>	<u>0.15</u>
Samtals:	393	21	229	2,34	0,28

Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða námu kr. 1.011.250,- keppnistímabilið 2020 sem er 34% hækkun frá árinu 2019 (kr. 755.000,-). Rétt er að taka fram að sektarákvæðum er m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og stuðningsmanna. Aðrar sektir sem aga- og úrskurðarnefnd beitti vegna kærumála og annarra mála námu kr. 660.000 sem er svipuð upphæð og árið 2019 (kr. 680.000,-). Aga- og úrskurðarnefnd bærust 12 kærumál og kvað nefndin upp úrskurð í 10 þeirra. Tvö kærumál voru dregin til baka.

Drago-styttturnar eru veittar háttvísustu liðunum í tveimur efstu deildum karla. KA hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2020 í Pepsi Max deild karla á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ, en gul og rauð spjöld vega þungt í því mati. Leiknir R. hlýtur styttuna í Lengjudeild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda. Breiðablik var þrjúasta liðið í Pepsi Max deild kvenna síðastliðið keppnistímabil.

Samstarfsfólki mínu í aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Gunnar Guðmundsson, formaður

Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2020 skipuðu Ásgeir Ásgeirsson formaður, Gísli Guðni Hall og Örn Gunnarsson. Varamenn voru Guðný Petrína Þórðardóttir, Unnar Steinn Bjarndal og Ragnar Baldursson. Starfsmaður nefndarinnar var Haukur Hinriksson.

Leikmannasamningar

		2020		2019		2018	
Fj. í gildi	Fjöldi skráðra	Skráðir samn.	Fjöldi félaga	Skráðir samn.	Fjöldi félaga	Skráðir samn.	Fjöldi félaga
12.1.2021	samninga*						
327	Pepsi Max deild karla	248	12	237	12	200	1
263	Lengjudeild karla	163	12	151	12	173	1
117	2. deild karla	117	11	76	9	90	9
0	3. deild karla	10	4	56	3	50	3
0	4. deild karla	0	0	0	0	0	0
113	Pepsi Max deild kvenna	82	10	119	10	142	10
103	Lengjudeild kvenna	95	8	98	7	88	10
37	2. deild kvenna	25	4	14	3	30	4
779	Leikmannssamningar	500	45	507	3	504	3
263	Sambandsamningar	240	16	244	2	269	2
1039	Alls:	740	61	751	5	773	63

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

Málum vísað til nefndarinnar

Á þessu starfsári var þremur málum vísað til nefndarinnar. Einnig, líkt og undanfarin ár, eru mörg ágreiningsefni, sem berast KSÍ leyst af skrifstofu sambandsins og lýkur án formlegrar meðhöndlunar hjá nefndinni. Flest ágreiningsmál snúa að uppgjöri launa og leysist meirihluti þeirra mála í framhaldi af því að leikmenn senda greiðsluáskorun á félagið. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Félagaskipti – Ólafur Karel Eiríksson

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar greinargerð frá knattspyrnudeild Gróttu vegna tilkynningar um félagaskipti Ólafs Karels Eiríkssonar (ÓAE) frá ÍA í Gróttu. Málavextir eru þeir að Knattspyrnudeildir ÍA og Gróttu komust að samkomulagi um félagaskipti ÓAE frá ÍA til Gróttu og var tilkynningu þess efnis skilað til skrifstofu KSÍ þann 1. september 2020. Með vísan greinar 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna taldi skrifstofa KSÍ vafa leika á heimild til afgreiðslu á félagaskiptum ÓAE. Leikmaðurinn hafði á keppnistímabilinu annars vegar leikið með sameiginlegu liði ÍA/Kára/Skallagríms í 2. flokki sem skráður leikmaður ÍA og hins vegar leikið fyrir sameiginlegt lið ÍA/Kára/Skallagríms í 2. flokki og Kára í meistaraflokki sem skráður leikmaður á tímabundnum félagaskiptum í Kára. Kom til úrlausnar hjá SF hvort heimila bæri afgreiðslu á félagaskiptum ÓAE frá ÍA í Gróttu. SF taldi að líta bæri til regna KSÍ um sameiginleg lið í knattspyrnu. Í reglugerð um knattspyrnumót er heimild fyrir tvö eða fleiri félög að senda sameiginlegt til keppni á landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á

sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki. Ekki lék vafi á að ÓAE hafði til þessa aðeins verið skráður leikmaður með tveimur félögum á keppnistímabilinu 2020, en skilyrði fyrir félagaskiptum samkvæmt 10.1.1. er að leikmaður geti ekki verið skráður í fleiri en þrjú lið á keppnistímabili. Hitt skilyrðið lýtur að því að leikmanni er ekki heimilt að leika í reynd (taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum) fyrir fleiri en tvö lið á keppnistímabili. Nefndin leit ekki svo á að þátttaka í leik með sameiginlegu liði ÍA/Kára/Skallagríms og liði Kára í meistaraflokki á sama keppnistímabili teljist sem þátttaka í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum. Með vísan til þess að 14. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót heimilar þátttöku sameiginlegra liða til keppni á landsmótum var það mat nefndarinnar að þátttaka ÓAE í leikjum ÍA/Kára/Skallagríms í 2. flokki og í leikjum Kára í meistaraflokki teldist sem þátttaka í knattspyrnuleikjum með einu félagi. Því taldi nefndin að félagaskipti Ólafs Karel Eiríkssonar úr ÍA í Gróttu rúmist innan ákvæðis 10.1.1. en ákvæðið heimili þátttöku leikmanns í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum og skráningu leikmanns í þrjú félög á sama keppnistímabili.

Félagaskipti – Þórey Björk Eypórsdóttir

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar greinargerð frá knattspyrnudeild Keflavíkur vegna tilkynningar um félagaskipti Þóreyjar Bjarkar Eypórsdóttur (ÞBE) frá FH í Keflavík. Málavextir voru þeir að FH og Keflavík komust að samkomulagi um félagaskipti ÞBE frá FH til Keflavíkur og var tilkynningu þess efnis skilað til skrifstofu KSÍ þann 1. september 2020. Með vísan greinar 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna taldi skrifstofa KSÍ vafa leika á heimild til afgreiðslu á félagaskiptum Þóreyjar Bjarkar. Leikmaðurinn, sem er samningsbundinn FH, hafði á keppnistímabilinu 2020 annars vegar leikið með liði FH í Íslandsmóti 2. flokks kvenna og hins vegar leikið fyrir Fjölni í meistaraflokki á tímabundnum félagaskiptum. Kom til úrlausnar hjá SF hvort heimila bæri afgreiðslu á félagaskiptum ÞBE frá FH í Keflavík. Ekki lék vafi á að ÞBE hafði til þessa aðeins verið skráður leikmaður með tveimur félögum á keppnistímabilinu 2020, en skilyrði fyrir félagaskiptum samkvæmt greininni er að leikmaður geti ekki verið skráður í fleiri en þrjú lið á keppnistímabili. Hitt skilyrðið lýtur að því að leikmanni er ekki heimilt að leika í reynd (taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum) fyrir fleiri en tvö lið á keppnistímabili. Nefndin leit svo á að þátttaka í leik með liði FH í Íslandsmóti 2. flokks kvenna og liði Fjölnis í meistaraflokki á sama keppnistímabili teljist sem þátttaka í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum. Því taldi nefndin að félagaskipti ÞBE úr FH í Keflavík rúmist ekki innan ákvæðis 10.1.1.

Nicolaj Beier Kohlert gegn Knattspyrnudeild Vals

Ágreinjur aðila snéri að því hvort Valur eða Nicolaj Beier Kohlert (NK) ætti að bera skattgreiðslur af umsaminni uppsagnargreiðslu frá Val til NK. Um var að ræða greiðslu vegna sameiginlegrar uppsagnar, dags. 25.06.2017, á leikmannssamningi aðila. Í málatilbúnaði NK kom fram að hann telji að Valur ætti að bera skattgreiðslur af umsaminni uppsagnargreiðslu frá Val til NK, rétt eins og af launum sem hann naut samkvæmt leikmannssamningi aðila. Fram kom í leikmannssamningi á milli aðila með gildistíma 01.01.2017 til 31.12.2018 að greiðslur til leikmannsins væru „nettó“ eftir skatta. Á meðan nefndur leikmannssamningur var í gildi bar Valur því ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda en launaseðlar NK frá Val færa enn frekari stöðir undir það. Á hinn bóginn var ekki kveðið á um það í uppsagnarsamningi NK og Vals þann 25.06.2017, hvers kyns greiðslufyrirkomulag miða bæri við, við greiðslu Vals til NK. Að mati SF bera framlögð samskipti aðila á þessum tíma þess merki að samningsumleitanir vegna uppsagnar á samningi NK og Vals hafi snúist um hvaða fjölda samanlagðra mánaðarlegra launagreiðslna miða bæri við, vegna starfsloka. Hafi það verið ætlun Vals að miða við annað greiðslufyrirkomulag en launagreiðslur er það mat nefndarinnar að það standi félaginu nær, þar sem það útbjó uppsagnarsamninginn, að sýna fram á að ætlun beggja aðila hafi verið að breyta greiðslufyrirkomulagi félagsins gagnvart NK. NK var launþegi hjá Val og hefði því þurft að taka það mjög skýrt fram ef skilgreina ætti greiðslu samkvæmt samningnum sem verktakagreiðslu sem NK bæri að greiða skatt af, ólíkt fyrri greiðslum. Nefndin telur því að ekkert í gögnum málsins gefi annað til kynna en að samið hafi verið um það á milli aðila að um launagreiðslu hafi verið á ræða frá Val til NK þann 25.06.2017 og hafi leikmaðurinn því mátt treysta því að félagið stæði skil á staðgreiðslu skatta og launatengdra gjalda af laununum á sama hátt og áður hafði verið gert.

Umboðsmenn í knattspyrnu

Um áramót 2020–2021 voru níu skráðir umboðsmenn í knattspyrnu hjá KSÍ. Það er þeir: Alberto A. Larrea, Bjarki Gunnlaugsson, Guðlaugur Tómasson, Guðrún Bergsteinsdóttir, Guyon Philips, Kristinn Björgúlfsson, Magnús Karl Daníelsson, Ólafur Garðarsson og Sigurður Freyr Sigurðsson. Vöxtur hefur verið í skráningu umboðsmanna í knattspyrnu hjá KSÍ en búast má við að fleiri bætist í hóp þeirra sem nú þegar eru skráðir.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Félagaskipti

Haukur Hinriksson og Þorvaldur Ingimundarson höfðu að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2020 voru 2.681 félagaskipti afgreidd samanborið við 2.859 árið 2019 og 2.471 árið 2018. Á þessu sinni voru flest félagaskipti afgreidd í janúar; 452, febrúar; 334, júní; 741 og í ágúst; 343. Félagaskiptaguggum þurfti að seinka árið 2020 þar sem upphaf tímabils var síðar en á hefðbundnu ári sökum Covid-19. Gríðarlegt álag er á starfsmönnum sem annast félagaskipti. Til stendur að gera miklar breytingar á afgreiðslu félagaskipta innan tíðar með hjálp nýrra tæknilausna. Gert er ráð fyrir því að félagaskipti verði að öllu leyti afgreidd rafrænt í lok árs 2021. Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Fjöldi félagaskipta	2.681	2.859	2.471	2.558	2.739	2.353	2.221	2.404	2.230	2.206	1.995

	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des
Fjöldi félagaskipta 2020	452	334	293	10	60	741	79	343	105	52	176	36
Flokkað eftir mánuðum												

Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti engar óskir um undanþágu vegna félagaskipta markvarða utan félagskiptatímabils.

Lokaorð

Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagaskiptanefndar kærlega fyrir þeirra frábæru störf, þeim Gísla Guðna Hall, Erni Gunnarssyni ásamt Unnari Steini Bjarndal sem kom að úrlausn tveggja mála á þessu ári. Þá færi ég þakkir til starfsmanns nefndarinnar Hauks Hinrikssonar. Starfsfólki skrifstofunnar er einnig þakkað fyrir sín góðu störf.

Ásgeir Ásgeirsson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2020-2021: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Guðni Kjartansson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Gunnar Már Guðmundsson, Helga Helgadóttir og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri, og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 3 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

Þjálfaramenntun

KSÍ býður upp á fimm þjálfaragráður - Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, Afreksþjálfun unglunga, KSÍ B, KSÍ A og KSÍ Pro þjálfaragráður. Allar þessar þjálfaragráður, nema KSÍ Pro, hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. Fyrsta KSÍ Pro námskeiðið hófst í febrúar 2020 og stefnt er að því að það fái gæðastimpil UEFA þegar því lýkur, síðla árs 2021.

556 þjálfarar eru með KSÍ B gráðuna (505 karlar og 51 kona) og 214 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar (296 karlar og 18 konur). 48 þjálfarar hafa lokið Afreksþjálfun Unglinga þjálfaragráðunni (41 karlar og 7 konur). 7 þjálfarar hafa lokið markmannsþjálfaragráðu KSÍ og 10 hafa lokið UEFA A markmannsþjálfaragráðu. Auk þess hafa 27 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu, þarf af ein kona, Elísabet Gunnarsdóttir.

Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

Námskeiðahald

KSÍ hélt 14 fræðsluviðburði á árinu fyrir 493 þátttakendur. Covid-19 veiran hafði mikil áhrif á námskeiðahald haustið 2020 og bæði þurfti að fresta og færa námskeið. Búið er að kenna bóklegan þátt KSÍ I og II í fjarfundarbúnaði, en verklegi þátturinn verður kenndur við fyrsta tækifæri. Erfitt var að bjóða upp á endurmenntunarnámskeið og hefur UEFA samþykkt að þjálfararéttindi sem renna áttu út framlengjast sjálfkrafa um eitt ár.

Í lok febrúar 2020 var boðið upp á KSÍ I þjálfaranámskeið fyrir leikmenn í A-landsliði kvenna. Alls tóku 11 landsliðskonur þátt en kennt var á Spáni þar sem landsliðið tók þátt í æfingamóti. Leikmennirnir fengu allir styrk frá UEFA til að klára KSÍ B þjálfaragráðuna. Stefnt er að því að kenna KSÍ II á sama stað í febrúar 2021. Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Erlend samskipti

Veruleg fækkun var á námskeiðsviðburðum erlendis vegna Covid 19. Þess í stað áttu flest samskipti sér stað í gegnum samskiptabúnað. Hér eru dæmi:

- UEFA bauð aðildarsamböndum að senda fulltrúa á námskeið vegna komandi UEFA C þjálfaragráðu, en samböndin hafa 3 ár til að koma gráðunni á koppinn í sínu heimalandi. Þrír reyndir kennarar á námskeiðum KSÍ sátu námskeiðið. Aðalbjörn Hannesson, Eysteinn Húni Hauksson og Hákon Sverrisson.
- Dagur Sveinn Dagbjartsson sat námskeið á vegum UEFA um verndun barna.

Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti einungis tvo fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Kristján Guðmundsson og Óli Stefán Flóventsson fengu styrki til að sækja UEFA Pro námskeið í Noregi.

Þjálfaraskóli KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. Allir þjálfarar sem ætla sér að taka UEFA B prófið, sem haldið er í apríl ár hvert, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ VI þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því orðinn hluti af UEFA A og UEFA B þjálfaragráðunni.

38 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 22 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 60 þjálfarar þjálfaraskóla KSÍ árið 2020.

Lokaorð

Fræðslustarf KSÍ fór ekki varhluta af ástandinu í þjóðfélaginu vegna Covid 19 og voru fræðsluviðburðir af þeim sökum færri en í venjulegu ári. Sömu sögu má segja um námskeiðahaldið, en þó var hægt að klára bóklega hlutann í KSÍ 1 og 2 í haust í gegnum samskiptaforrit og fyrirlestra á netinu. Á árinu hófst kennsla á UEFA Pro sem er æðsta þjálfaragráða UEFA og er stefnt að því að útskrifa fyrstu þjálfarana sem ljúka gráðunni á Íslandi síðar á árinu. Áður sóttu íslenskir þjálfarar þetta nám til annarra knattspyrnusambanda.

Snemma á árinu tóku landsliðskonur í A-landsliði kvenna KSÍ 1 í æfingaferð landsliðsins, en námskeiðið var haldið að frumkvæði landsliðskvenna, með styrk frá UEFA. Stefnt er að áframhaldandi námskeiðahaldi hjá landsliðskonunum á árinu.


Það lítur allt út fyrir að á árinu 2021 verði margir fræðsluviðburðir á dagskrá enda hægt að segja að ákveðin uppsöfnuð þörf hafi myndast. Talsverður fjöldi kennara kemur að kennslu á námskeiðum KSÍ þó að að allt skipulag og utnumhald sé í höndum þeirra Arnars Bill Gunnarssonar, fræðslustjóra, og Dags Sveins Dagbjartssonar starfsmanns fræðsludeildar sem sinna sínu starfi af miklum áhuga og eljusemi. Mig langar að þakka samnefndarmönnum mínum í fræðslunefndinni sem og starfsmönnum KSÍ fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður


Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2020 Alls 14 fræðsluviðburðir og 493 þátttakendur

Dags.	Viðburður	Þátttakendur
2.-3. mars	KSÍ I þjálfaranámskeið (A landslið kvenna)	11
14. nóvember	KSÍ I þjálfaranámskeið	45
21. nóvember	KSÍ I þjálfaranámskeið	48
28. nóvember	KSÍ II þjálfaranámskeið	49
5. desember	KSÍ II þjálfaranámskeið	50
10.-12. janúar	KSÍ III þjálfaranámskeið	32
31. janúar - 2. febrúar	KSÍ IV A þjálfaranámskeið	50
28. febrúar - 1. mars	KSÍ IV B þjálfaranámskeið	49
Október - Nóvember	KSÍ VI þjálfaranámskeið	24
Janúar - Desember	KSÍ VII þjálfaranámskeið	18
Febrúar - Desember	KSÍ Pro þjálfaragráða	19
Júní - Júlí	KSÍ B próf	38
Maí - Ágúst	KSÍ A þjálfaraskóli	22
Janúar - Maí	KSÍ B þjálfaraskóli	38
	Samtals:	493

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2011-2020



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2010-2019



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í starfshópi KSÍ um útbreiðslumál sátu starfsárið 2020-2021 þau Þorsteinn Gunnarsson, formaður, Bjarni Ólafur Birkisson, Björn Friðþjófsson, Jakob Skúlason, Sigríður Björk Þorláksdóttir Baxter og Tómas Þóroddsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson.

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt áætlun KSÍ í útbreiðslumálum sem lögð var fyrir stjórn KSÍ 12. febrúar 2020.

Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.

Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

Að efla grasrótina í íslenskri knattspyrnu þar sem iðkendur fái að vaxa og dafna í fótbolta á sínum eigin forsendum í heilbrigðu umhverfi, auka áhuga og fjölga þátttakendum og efla samskipti við aðildarfélög þar sem KSÍ styður við bakið á félögum með átaks- og grasrótarkerfum á einstökum landsvæðum.

Útbreiðsluverkefni árið 2020

Stærsta útbreiðsluverkefni ársins 2020 var verkefni sem bar yfirskriftina *Komdu í fótbolta með Mola*. Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, var ráðinn til starfa. Verkefnið fól í sér heimsóknir til minni sveitarfélaga um land allt og hafði Moli umsjón með verkefninu. Þar setti hann upp æfingu/viðburð á hverjum stað, með það fyrir augum að efla áhuga iðkenda. Verkefnið stóð yfir í júlí og ágúst. Alls heimsótti Moli 34 staði og hitti á bilinu 600-700 börn og unglínga, ásamt fjölmörgum þjálfurum og forráðamönnum á ferð sinni um landið. KSÍ kann bestu þakkir þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola.

Covid-19 setti strik í reikninginn og ekki var unnt að halda Íslandsleika Special Olympics á árinu 2020. Vonir standa til að hægt verði að bæta úr því á árinu 2021.

Knattspyrnufélagið FC Sæko leitaði til KSÍ um stuðning vegna þátttöku þriggja aðila á KSÍ I og KSÍ II þjálfaranámskeiðum KSÍ. Það var KSÍ ljúft og skylt að bjóða þessum aðilum á námskeiðið. Námskeiðsgjaldið fyrir þessa þrjá aðila á þessi tvö námskeið nam í heildina 126.000 kr.

Háttvísisviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst til að fá viðurkenningar til afhendingar, ásamt því sem háttvísisveggspjöldum var dreift til allra félaga.

KSÍ bauð upp á vinnustofu fyrir félög varðandi mótun á stefnu og leiðbeiningum um verndun og velferð barna, en skv. 23. grein leyfisreglugerðar KSÍ eiga félög að móta sér stefnu í þessum málaflokki. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra jafnréttisskóla Reykjavíkur, og Sema Erla Serdar, frá Æskulýðsvettvanginum, héldu erindi á vinnustofunni.

KSÍ hélt áfram átaki frá fyrra ári, þar sem markmiðið var að vekja athygli á litblindu í knattspyrnu. Litblinda getur haft áhrif á alla sem tengjast knattspyrnu - áhorfendur, leikmenn, þjálfara, dómara og aðra starfsmenn í kringum leikinn. 1 af hverjum 12 körlum og 1 af hverjum 200 konum er litblind. Verkefninu verður fylgt eftir á árinu 2021.

Verkefninu var gert skil á samfélagsmiðlum KSÍ, reglulega á Facebook og Twitter og af og til á Instagram. Í heildina hafa tæplega 68 þúsund manns séð myndbandið.

Iðkendafjöldi

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkanir hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar voru í árslok 2020 voru fyrir árið 2019. KSÍ er það sérsamband sem er með flestar iðkanir allra sérsambanda innan ÍSÍ.

Í tölum sem birtar voru í nóvember 2020 segir að iðkanir í knattspyrnu hafi verið 29.998 talsins.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Kyn	Aldursbil	Iðkanir
Karlar	17 ára og yngri	14,075
Karlar	18 ára og eldri	6,633
Konur	17 ára og yngri	7,455
Konur	18 ára og eldri	1,835
Samtals iðkanir		29,998

Skilgreining á iðkun (iðkanir):

Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum og jafnvel er hægt að telja sama einstaklinginn oft en einu sinni í hverri íþróttagrein, svo framarlega sem hann stundar greinina með fleiri en einu félagi.

<https://www.isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2019/>

Samferða með KSÍ

KSÍ starfaði á árinu að sérstöku vitundarátaki með góðgerðarsamtökunum Samferða undir heitinu "Samferða með KSÍ". Hlutverk KSÍ var að koma verkefninu og Samferða sem best á framfæri í gegnum miðla KSÍ og viðburði eins og við á. Markmiðið með áttakinu var að vekja athygli á starfsemi Samferða og jafnframt að minna almennt á mikilvægi góðgerðarsamtaka í okkar samfélagi.

Samferða eru góðgerðarsamtök sem m.a. aðstoða fólk og fjölskyldur fjárhagslega, fólk sem hefur orðið fyrir veikindum og áföllum í lífinu, hvort sem þau áföll eru tengd veikindum hjá foreldrum eða börnum. Öll starfsemi Samferða er unnin í sjálfbærni, með engri yfirbyggingu, og hver króna sem kemur inn fer á þann stað sem hún á að fara. Eins og segir á Facebook-síðu samtakanna: *"Tilgangur Samferða Foundation er fyrst og fremst sá að láta gott af sér leiða án nokkurs kostnaðar."*

Verkefninu var gert skil á samfélagsmiðlum KSÍ, reglulega á Facebook og Twitter og af og til á Instagram. Í heildina hafa tæplega 46 þúsund manns séð myndbandið.

Erlend samskipti

Dagur Sveinn Dagbjartsson tók þátt í ráðstefnu á netinu sem haldin var á vegum UEFA um barnavernd (Child Safeguarding) í lok október.

Að lokum

Á þessu fordæmalausa ári hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með knattspyrnuhreyfingunni í landinu takast á við krefjandi aðstæður. Þar hefur reynt mikið á grasrótastarf félaganna um allt land sem hefur þurft að aðlaga starfseminu að sóttvarnarreglum sem gilda hverju sinni, í samstarfi við sveitarfélögin sem eiga flest mannvirkin, foreldra, iðkendur, þjálfara og annað starfsfólk. Því miður komu hertar sóttvarnarreglur hvað mest niður á unglingsstarfinu, þ.e. 2. flokki og lýsti stjórn KSÍ yfir áhyggjum sínum vegna þessa. En líf og heilsa Íslendinga hefur auðvitað ávallt verið í öndvegi og KSÍ og aðildarfélögin lagt upp úr því að vera í góðu samstarfi við sóttvarnaryfirvöld hverju sinni.

Í ljósi þessa reyndist ekki auðvelt að vinna í samræmi við áætlun í útbreiðslumálum í ár en engu að síður var sá gluggi sem opnaðist í fyrrasumar nýttur vel, þar á meðal fyrir verkefnið *Komdu í fótbolta*. Fyrir hönd starfshóps um útbreiðslumál vil ég nota tækifærið og þakka Siguróla Kristjánssyni (Mola) sem hélt utan um verkefnið í samstarfi við útbreiðslunefnd og starfsfólki KSÍ kærlega fyrir frábært starf þessi tvö síðustu sumur. Hafa heimsóknirnar í grasrótastarfið á landsbyggðinni mælst ákaflega vel fyrir. Tilgangurinn með heimsóknunum var m.a. að auka stuðning KSÍ við grasrótastafið, styrkja samstarfið við félögin og viðhalda sýnileika KSÍ um allt land. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem komu að grasrótastarfinu síðasta árs en þar er af ýmsu að taka. Jafnframt vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem unnu að grasrótastarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra óeigingjarna starf. Ykkar störf eru ómetanleg og verða seint fullþökkuð.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

KSÍ fær árlega fjármagn frá UEFA til að sinna grasrótarstarfi og lýtur það ákveðnu regluverki og gerð er regluleg úttekt af hálfu UEFA hvernig til tekst. Til mikils er að vinna, bæði fyrir félögin og knattspyrnusambandið, að setja meira púður í grasrótarstarfið og markmiðið ætti að vera að koma KSÍ í efsta flokk í grasrótarmálum, samkvæmt gæðakerfi UEFA.

Að lokum þakka ég sjálfboðaliðum félaganna í landinu, samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum starfshóps útbreiðslumála sem og öðru starfsfólki KSÍ ánægjulegt og gott samstarf.

Þorsteinn Gunnarsson, formaður starfshóps um útbreiðslumál

Úrtökumót KSÍ

Úrtökumót 2020 – Drengir

Úrtökumót drengja fór fram á Selfossi og nágrenni dagana 6. – 9. júlí 2020 og tóku 30 leikmenn þátt að þessu sinni.

Hópurinn gisti á Hótel Selfossi og var virkilega vel hugsað um hann. Hópurinn borðaði allar máltíðir á hótelinu sjálfu nema hádegismatinn, hann var borðaður á veitingastöðunum Vor eða Kaffi Krús.

Dagskráin í ár var örlítið öðruvísi en áður vegna Covid-19. Flest félög voru að spila mikið, bæði fyrir og eftir úrtökumótið, og því þurfti að stýra álagi með tilliti til þess. Við náðum þó að æfa 5 sinnum og spila 1 leik. Líkt og undanfarin ár voru fengnir gestaþjálfarar til að koma og stýra liðunum í leiknum. Að þessu sinni voru það Haraldur Árni Hróðmarsson, yfirþjálfari hjá Val, og Óttar Guðlaugsson, aðst.þjálfari mfl. kvenna hjá Selfossi. Þeir stýrðu taktískri æfingu fyrir leik og svo leiknum sjálfum.

Einnig var boðið upp á tvenns konar fræðslu. Grímur Gunnarsson, sálfræðingur, var með fyrirlestur um sálfræði í knattspyrnu og markmiðasetningu. Hann lét leikmenn einnig svara spurningalistum sem snúa að sálfræðilegri færni í íþróttum. Þetta er verkefni sem verið er að þróa og verður unnið með áfram. Þá sáu Magnús Sigurjón Guðmundsson og Björn Þór Jóhannsson, tómstundafræðingar, um liðsheildarvinnu. Hvort tveggja gekk vel og voru leikmenn virkilega ánægðir.

Dagskrá

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur	
14:00	Mæting á KSÍ	9:00	Morgunverður	8:30	Morgunverður	8:30	Morgunverður
14:30	Brottför frá KSÍ	10:00	Æfing - Selfoss	10:00	Æfing - Selfoss	9:00	Frágangur
15:30	Komið á Selfoss	12:30	Hádegisverður	11:00	Fræðsla	10:00	Æfing - Selfoss
16:00	Fundur	14:00	Æfing - Hveragerði	12:30	Hádegisverður	12:30	Hádegisverður
16:30	Æfing - Hveragerði	17:00	Miðdegishressing	14:00	Liðsheildarvinna	14:00	Æfing - Þorlákshöfn
19:00	Kvöldverður	19:00	Kvöldverður	16:00	Miðdegishressing	17:00	Pizzuveisla
20:00	Fundur	20:00	Fundur	19:00	Kvöldverður	17:30	Brottför frá Þorlákshöfn
22:00	Kvöldhressing og ró	22:00	Kvöldhressing og ró	22:00	Kvöldhressing og ró	18:15	Áætluð koma á KSÍ

Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari U17 kvenna, aðstoðaði Lúðvík Gunnarsson í þessari ferð auk þess sem Aðalbjörn Hannesson var í hlutverki liðsstjóra/þjálfara. Einnig komu Elías Örn Einarsson og Sigmar Ingi Sigurðsson (markmannsþjálfarar) og Trausti Hrafnsson (sjúkrapþjálfari) inn á æfingarnar ásamt áðurnefndum Haraldi og Óttari.

Ég var mjög ánægður með allt sem sneri að dvölinni sem slíkri en líkt og hjá stelpunum ég hefði viljað fá fleiri æfingar á Selfossi og minnka þar með akstur á milli sveitafélaga. Eftir að hafa rætt þetta við okkar menn á Selfossi er ég nokkuð viss um að þessu verði breytt ef við komum aftur árið 2021.

Hópurinn

1. Arnar Daði Jóhannesson Afturelding
2. Bjarki Már Ágústsson Afturelding
3. Tómas Atli Björgvinsson Austri
4. Ágúst Orri Þorsteinsson Breiðablik
5. Ásgeir Helgi Orrason Breiðablik
6. Benóný Breki Andrésón Breiðablik
7. Hilmar Þór Kjærnested Helgason Breiðablik
8. Rúrik Gunnarsson Breiðablik
9. Tumi Fannar Gunnarsson Breiðablik
10. Adrian Nana Boateng FH
11. Andri Clausen FH
12. Arngrímur Bjartur Guðmundsson FH
13. Baldur Kári Helgason FH
14. Dagur Óli Grétarsson FH

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

15. Dagur Traustason FH
16. Baltasar Práinn Dellernia Fiorentina
17. Mikael Trausti Viðarsson Fram
18. Stefán Orri Hákonarson Fram
19. Birkir Jakob Jónsson Fylkir
20. Heiðar Máni Hermannsson Fylkir
21. Óliver Þorkelsson Hamar
22. Tumi Þorvarsson HK
23. Þorlákur Breki Þ. Baxter Höttur
24. Logi Mar Hjaltested ÍA
25. Hákon Dagur Matthíasson ÍR
26. Ágúst Ívar Árnason KA
27. Hákon Orri Hauksson KA
28. Jóhannes Kristinn Bjarnason KR
29. Róbert Quental Árnason Leiknir R.
30. Huldar Einar Lárusson Víkingur R.

Lúðvík Gunnarsson, þjálfari U15 karla

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Úrtökumót 2020 – Stúlkur

Úrtökumót stúlkna fór fram á Selfossi og nágrenni dagana 29. júní – 2. júlí 2020.

Upphaflega stóð til að 29 leikmenn tækju þátt í þessu verkefni en rétt fyrir brottför tilkynntu tveir leikmenn að þeir væru slappir. Því var ákveðið í samráði við Reyni Björnsson, lækni, og Arnar Þór Viðarsson, yfirmann knattspyrnusviðs, að senda leikmennina aftur heim. Engar áhættur teknar á Covid-tímum. Við enduðum því með 27 leikmenn.

Hópurinn gisti á Hótel Selfossi og var virkilega vel hugsað um hann. Hópurinn borðaði allar máltíðir á hótelinu sjálfu nema hádegismatinn, hann var borðaður á veitingastöðunum Vor eða Kaffi Krús. Dagskráin í ár var örlítið öðruvísi en áður vegna Covid-19. Flest félög voru að spila mikið, bæði fyrir og eftir úrtökumótið og því þurfti að stýra álagi með tilliti til þess. Við náðum þó að æfa 5 sinnum og spila 1 leik. Líkt og undanfarin ár voru fengnir gestaþjálfarar til að koma og stýra liðunum í leiknum. Að þessu sinni voru það Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari mfl. kvenna hjá Selfossi, og Mist Rúnarsdóttir, margreyndur þjálfari og knattspyrnuspekingur. Þau stýrðu taktískri æfingu fyrir leik og svo leiknum sjálfum.

Einnig var boðið upp á tvenns konar fræðslu. Grímur Gunnarsson, sálfræðingur, var með fyrirlestur um sálfræði í knattspyrnu og markmiðasetningu. Hann lét leikmenn einnig svara spurningalistum sem snúa að sálfræðilegri færni í íþróttum. Þetta er verkefni sem við erum að þróa og munum vinna með áfram. Þá sáu Magnús Sigurjón Guðmundsson og Björn Þór Jóhannsson, tólmstundafræðingar, um liðsheildarvinnu. Hvort tveggja gekk vel og voru leikmenn virkilega ánægðir.

Dagný Brynjarsdóttir og Anna Björk Kristjánsdóttir, landsliðskonur, voru einnig fengnar til að koma í heimsókn til okkar. Það vakti mikla lukku meðal leikmanna sem fengu að spyrja þær um allt mögulegt sem tengist þeim og þeirra knattspyrnuferli.

Dagskrá

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur	
14:00	Mæting á KSÍ	9:00	Morgunverður	8:30	Morgunverður	8:30	Morgunverður
14:30	Brottför frá KSÍ	10:00	Æfing - Selfoss	10:00	Æfing - Selfoss	9:00	Frágangur
15:30	Komið á Selfoss	12:30	Hádegisverður	11:00	Fræðsla	10:00	Æfing - Hveragerði
16:00	Fundur	14:00	Æfing - Þorlákshöfn	12:30	Hádegisverður	12:30	Hádegisverður
16:30	Æfing - Þorlákshöfn	17:00	Miðdegishressing	14:00	Liðsheildarvinna	14:00	Æfing - Hveragerði
19:00	Kvöldverður	19:00	Kvöldverður	16:00	Miðdegishressing	17:00	Pizzuveisla
20:00	Fundur	20:00	Fundur	19:00	Kvöldverður	17:30	Brottför frá Hveragerði
22:00	Kvöldhressing og ró	22:00	Kvöldhressing og ró	22:00	Kvöldhressing og ró	18:15	Áætluð koma á KSÍ

Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari U17 kvenna, aðstoðaði Lúðvík Gunnarsson í þessari ferð auk þess sem Mist Rúnarsdóttir var í hlutverki liðsstjóra/þjálfara. Einnig komu Elías Örn Einarsson og Sigmar Ingi Sigurðsson (markmannsþjálfarar) og Hildur Grímsdóttir og Trausti Hrafnsson (sjúkrapþjálfarar) inn á æfingarnar ásamt áður nefnum Alfreð Elíasi.

Ég var mjög ánægður með allt sem sneri að dvölinni sem slíki en ég hefði viljað fá fleiri æfingar á Selfossi og minnka þar með akstur á milli sveitafélaga. Það er þó mikilvægt að taka fram að það var virkilega vel tekið á móti okkur bæði í Þorlákshöfn og í Hveragerði, allt uppá 10 þar.

Hópurinn

1. Dísella Mey Ársælsdóttir Augnablik
2. Margrét Lea Gísladóttir Augnablik
3. María Jónsdóttir Augnablik
4. Sara Svanhildur Jóhannsdóttir Augnablik
5. Vigdís Lilja Kristjánsdóttir Augnablik
6. Viktoría Paris Sabido Augnablik
7. Emilía Kíær Ásgeirsdóttir Breiðablik
8. Amanda Lind Elmarsdóttir Einherji

9. Elísa Lana Sigurjónsdóttir FH
10. Lilja Lív Margrétardóttir Gróttta
11. Iðunn Gunnarsdóttir Hamrarnir
12. Ísabella Júlía Óskarsdóttir Hamrarnir
13. Hildur Jana Hilmarsdóttir Hamrarnir
14. Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir Hamrarnir – Fór veik heim.
15. Steingerður Snorrardóttir Hamrarnir – Fór veik heim.
16. Una Móeiður Hlynsdóttir Hamrarnir
17. Katrín María Ómarsdóttir ÍA
18. Ylfa Laxdal Unnarsdóttir ÍA
19. Berta Sigursteinsdóttir ÍBV
20. Ólína Ágústa Valdimarsdóttir Stjarnan
21. Eva Margrét Heimisdóttir Stjarnan
22. Margrét Rún Stefánsdóttir Tindastóll
23. Embla Karen Bergmann Jónsdóttir Valur
24. Katla Tryggvadóttir Valur
25. Sigríður Theodóra Guðmundsdóttir Valur
26. Snæfríður Eva Eiríksdóttir Valur
27. Thelma Steindórsdóttir Valur
28. Valgerður Gríma Sigurjónsdóttir Valur
29. Auður Helga Halldórsdóttir Ægir

Lúðvík Gunnarsson , þjálfari U15 kvenna

Skýrsla hæfileikamótunar

Hæfileikamótun N1 og KSÍ 2019 – 2020.

Á þessu tímabili var Hæfileikamótun N1 og KSÍ fyrir leikmenn fædda 2006 og 2007, bæði drengi og stúlkur, þó áherslan hafi verið á 2006 árgangana.

Hefðbundið tímabil í Hæfileikamótun lítur nokkurn veginn svona út:

Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep
Fyrri umferð landshlutaheimsókna				Seinni umferð landshlutaheimsókna			Íslandsmót 4.kk og kv.				Hæfil.mót kk
Vetrarmót og æfingaleikir							Sumarmótin			Hæfil.mót kv	

Æfingar hófust í nóvember 2019 og til að byrja með gekk allt sinn vanagang og nokkuð vel. Í marsmánuði varð svo breyting á þegar Covid-19 tók sér bólfestu á landinu með afleiðingum sem flestum er kunnugt um. Þetta hafði þau áhrif á starf Hæfileikamótunar að seinni umferð landshlutaheimsókna var aflýst og æfingum og leikjum félaga sömuleiðis.

Það birti svo til í maí þegar félögin gátu byrjað að æfa og spila á ný. Um leið og það gerðist var ákveðið að Lúðvík myndi reyna að heimsækja sem flest félög og sjá bæði æfingar og leiki. Hann hafði þann háttinn á útsumarið.

Lokapunktur Hæfileikamótunar hvert tímabil er hið svokallaða Hæfileikamót og það fer alla jafna fram í september. Þar eru valdir tæplega 60 leikmenn sem skipt er upp í 4 lið sem svo spila innbyrðis. Hæfileikamót drengja fór fram helgina 19. – 20. september og gekk ljómandi vel. Þann 23. september kom svo símtal frá rakningateymi Almannaþingarinnar þar sem Lúðvíki var tilkynnt að leikmaður á mótinu hefði greinst smitaður af Covid-19 og þar með voru allir sem komu nálægt viðkomandi settir í sóttkví. Þetta gerði það að verkum að Hæfileikamóti stúlkna var frestað um óákveðinn tíma. Á þeim tímapunkti voru smittölur á Íslandi að hækka og ekki forsvaranlegt að setja mótið á strax. Að lokum tóku Almannaþingarnir þá ákvörðun að setja allar æfingar og keppnir á ís og verður það þannig til að a.m.k. 9. desember 2020. Leikmenn í 4. flokki fengu að vísu að æfa frá 18. nóvember síðastliðnum en engar keppnir hafa verið í gangi. Eins og staðan er í dag er óvíst er hvort hægt verði að halda Hæfileikamót stúlkna á þessu tímabili þótt vissulega verði allt reynt til að koma því fyrir.

Alls tóku um 430 leikmenn frá 46 félögum þátt í verkefninu á þessu tímabili, um 250 drengir og 180 stúlkur, og óhætt að segja að það hafi skipt sköpum að hafa náð velflestum landshlutaheimsóknum einu sinni áður en skellt var í lás.

Í heildina náðist að vera með 23 æfingar í Hæfileikamótun fram að stoppi. Frá byrjun maí fram í september sá Lúðvík 39 leiki í Íslandsmóti og 26 leiki á ReyCup. Þá náði hann að heimsækja 21 félag og sjá æfingar auk þess að vera með fyrirlestur hjá einhverjum þeirra. Lúðvík náði því miður ekki að heimsækja Vestfirðina í ár og voru leikmenn Vestra þeir einu sem hann náði eingöngu að sjá í leik.

Drengirnir voru að mínu mati nokkuð sterkir þetta árið. Það voru nokkrir leikmenn sem mér fannst skara fram úr en einnig voru margir aðrir leikmenn mjög frambærilegir og mikilvægt að fylgjast vel með þróun mála hjá þeim. Hjá stúlkunum var, líkt og svo oft áður, mikill getumunur milli leikmanna og breiddin þar af leiðandi ekki nærri því eins mikil og hjá drengjunum. Þar erum við með leikmenn sem eru nú þegar farnir að spila meistaraflokksfótbolta ásamt leikmönnum sem eru enn nokkuð frá því.

Samvinnan við félög, þjálfara og yfirþjálfara var mjög góð og það skipti miklu máli á þessu annars skrítna tímabili. Allt skipulag í kringum landshlutaæfingar og heimsóknir gekk vel og það var vel tekið á móti Lúðvíki þegar hann mætti á svæðið. Þjálfarar voru líka duglegir að hafa samband við hann varðandi hin ýmsu mál og eins var Lúðvík duglegur að slá á þráðinn til þeirra ef það var eitthvað sem þurfti að ræða.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Eins og kom fram í skýrslunni minni frá í fyrra er Hæfileikamótun N1 og KSÍ fyrst og fremst skimunarverkefni (scouting) og undirbúningur fyrir U15 ára landslið. Það er mikilvægt að sinna þessu starfi vel og í góðu samstarfi við félögin og þjálfara þeirra.

Lúðvík Gunnarsson, yfirmaður í Hæfileikamótun N1 og KSÍ

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2020: Ingi Sigurðsson, formaður, Bjarni Þór Hannesson, Inga Rut Hjaltadóttir, Margrét Leifsdóttir, Kristján Ásgeirsson, Jón Runólfsson, Viggó Magnússon og Þorbergur Karlsson. Þorsteinn Gunnarsson hvarf frá sem nefndarmaður að loknu ársþingi 2020 og Inga Rut kom inn í nefndina í hans stað. Þorsteini eru þökkun vel unnin störf innan nefndarinnar og Inga Rut boðin velkomin. Starfsmaður nefndarinnar er Birkir Sveinsson mótastjóri sambandsins.

Verkefni mannvirkjanefndar eru í föstum skorðum, þar sem nefndin er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum. Fylgst er með þróun mannvirkja innanlands sem og á alþjóðavettvangi og þróun reglna sem gilda þar um.

Árið 2020 var um margt frábrugðið vegna Covid-19 heimsfaraldursins sem herjaði á heiminn. Það hafði þau áhrif að á árinu 2020 hélt mannvirkjanefnd færri fundi en áður eða fjóra fundi, þrjá hefðbundna fundi og einn fund á rafrænu formi. Hér í framhaldinu verður fjallað um helstu þætti sem komu til umfjöllunar hjá nefndinni.

Árið hófst hjá nefndinni með því að senda út bréf dags. 4. febrúar 2020 og greinargerð til aðildarfélaga vegna bréfs ECHA um mögulegt bann við notkun gúmmíkurlis í gervigrasvöllum. Greinargerðin tók á mögulegum mótvægisáðgerðum vegna mögulegs banns Evrópusambandsins við notkun gúmmíkurlis í gervigrasvöllum. Umrædd gögn voru einnig birt á heimasíðu KSÍ og eru þar aðgengileg undir [Upplýsingar varðandi notkun míkroplasts á knattspyrnuvöllum - Knattspyrnusamband Íslands \(ksi.is\)](#)

Nefndin telur mikilvægt að aðildarfélögin sem og sveitarfélögin séu meðvituð og vel upplýst um þá umræðu sem er í gangi hjá Evrópusambandinu varðandi þessi mál. Umræddar upplýsingar voru unnar í kjölfar upplýsinga sem komu frá UEFA sumarið 2019 í kjölfar tillögu efnastofnunar Evrópu ECHA um mögulegt bann við viðbættum míkroplastögnum. Nefndin færir Bjarna Þór þakkir fyrir hans góðu aðkomu að efnistöku bréfs og greinargerðar og Þorbergi fyrir yfirferð á umræddum gögnum.

Í ágúst og september 2020 komu þessi mál aftur til sambandsins frá UEFA, sem KSÍ ásamt fjölmörgum öðrum knattspyrnusamböndum veitti umboð til að fara með þetta mál fyrir þeirra hönd. KSÍ sendi inn frekari upplýsingar til UEFA í ágúst 2020 og jafnframt hefur verið frekara samtal á milli norrænu knattspyrnusambandanna um þetta mikilvæga mál. Málefni þetta er enn í meðförum hjá Evrópusambandinu og verður það til ársins 2022 þegar kynnt hefur verið að niðurstaða muni liggja fyrir.

Eins og undanfarin ár lagði mannvirkjanefnd ásamt framkvæmdastjóra sambandsins góða vinnu í yfirferð umsókna í Mannvirkjasjóð KSÍ. Eins og á fyrri árum er til staðar mikill hugur aðildarfélaga og sveitarfélaga á uppbyggingu knattspyrnumannvirkja og er það vel. Sá aukni áhugi leiðir svo til fleiri og hærri umsókna í mannvirkjasjóð KSÍ. Mörg verkefni eru í undirbúningi og önnur verkefni eru komin á framkvæmdarstig.

Mannvirkjanefnd fór í umfangsmikla endurskoðun á reglugerð Mannvirkjasjóðs á árinu 2018 sem leiddi af sér nýja og endurbætta reglugerð er tók gildi 20. febrúar 2019 með staðfestingu stjórnar KSÍ. Nefndin rýndi svo í upphafi árs 2020 hvernig til hefði tekist með umræddar breytingar. Það skilaði sér í nýrri og endurbættri reglugerð fyrir árin 2020-2023 og þar komu að verki nefndin sjálf, laga- og leikreglnanefnd og Haukur Hinriksson, lögfræðingur sambandsins. Er öllum þessum aðilum færðar þakkir fyrir þeirra framlag í að gera reglugerðina og skorkortið eins skilvirkt og kostur er. Stjórn KSÍ staðfesti svo nýja reglugerð þann 19. mars 2020.

Á árinu fékk nefndin til umfjöllunar innsendar umsóknir skv. endurskoðaðri reglugerð fyrir mannvirkjasjóð, sem og nýju skorkorti sem haft er til mats á innsendum umsóknum. Þessari vinnu lauk í júní með frágangi á tillögu til stjórnar KSÍ um úthlutun til tuttugu verkefna sem eru listuð upp á heimasíðu KSÍ [29,5 milljónum úthlutað í 20 verkefni - Knattspyrnusamband Íslands \(ksi.is\)](#)

Úthlutunin dróst að þessu sinni vegna Covid-19, þar sem KSÍ framlengdi umsóknarfrest aðildarfélaga til 1. maí, en endanleg úthlutun var staðfest af stjórn KSÍ 18. júní 2020.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2020

Mannvirkjanefnd er aðildarfélögum einnig til ráðgjafar og í því samhengi komu til formlegrar umfjöllunar hjá nefndinni framkvæmdir í Mosfellsbæ, á Vopnafirði og á Torfnesvelli á Ísafirði. Nokkur stór verkefni voru í ferli eða var lokið við á sl. ári.

- Bygging vallahúss á Grenivík er lokið og var aðstaðan tekin í notkun seinni hluta sumars 2020. Glæsileg aðstaða fyrir knattspyrnuna og vel að verki staðið hjá Magna og sveitarfélaginu.
- Bygging fjölnotahúss á félagssvæði ÍR er lokið og tekið í notkun 4. september 2020, þar sem er til staðar gervigrasvöllur á stærð við hálfan knattspyrnuvöll. Myndarleg framkvæmd sem gjörbreytir aðstöðu knattspyrnunnar hjá félaginu.
- Bygging vallahúss á Vopnafirði er lokið og var aðstaðan tekin í notkun sumarið 2020. Glæsileg aðstaða fyrir knattspyrnuna og vel að verki staðið hjá Einherja og sveitarfélaginu.
- Stækkun áhorfendastúku á Gróttuvelli var lokið fyrir keppnistímabilið 2020. Vel að verki staðið hjá Gróttu og sveitarfélaginu.
- Nýtt gervigras var lagt á keppnisvöll Fjarðabyggðahallarinnar fyrir keppnistímabilið 2020. Vel brugðist við af sveitarfélaginu við að uppfylla kröfur um gæði gervigrassins.
- Bygging fjölnota íþróttahúss í Garðabæ með knattspyrnuvöll í fullri stærð hófst 3. maí 2019 og áætluð verklok eru á árinu 2021.
- Bygging nýrra búningsklefa á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum er í fullum gangi og eru áætluð verklok vorið 2021.
- Bygging fjölnota íþróttahúss á Selfossi með knattspyrnuvöll í hálfri stærð er í gangi og áætluð verklok í júlí 2021. Um er að ræða fyrri áfanga knattspyrnuvöll í fullri stærð. Nýtt gervigras var svo lagt á gervigrasvöll Selfyssinga í lok árs 2020.
- Bygging knattspyrnuhúss í fullri stærð á félagssvæði Hauka í Hafnarfirði er í undirbúningi og miðað við að framkvæmdir hefjist á árinu 2021.
- Bygging fjölnota knattspyrnuhúss á Ísafirði er í undirbúningi og beðið frekari fregna með framkvæmdir.

Verkefni mannvirkjanefndar er einnig yfirferð og tillaga til stjórnar um útgáfu vallahúsa. Á árinu 2020 voru gefin út 18 vallahúsi til viðbótar við þau vallahúsi sem voru þegar í gildi út árið 2020. Tímabundin leyfi eru í gildi fyrir Akureyrarvöll, Fjölsvöll og Gróttuvöll.

Nefndin ítrekaði til þeirra félaga sem eru með gervigrasvelli að skila þyrfti inn frá viðurkenndum aðila gildri prófun á gervigrasvöllum. Hins vegar var það samþykkt í ljósi aðstæðna í kjölfar Covid-19 að krefjast ekki skila á umræddum prófunum á keppnistímabilinu 2020. Hins vegar þurfa umræddar prófanir að liggja fyrir tímanlega áður en kemur að útgáfu vallahúsa fyrir keppnistímabilið 2021.

Ástand leikvalla er sífellt til skoðunar, m.a. ástand grasvalla á vordögum sem og breytingar á yfirborði þeirra þ.e. frá grasi og yfir í gervigras. Á keppnistímabilinu 2020 var ástand leikvalla heilt yfir gott, allt frá upphafi tímabils og út mótið sem þetta árið lengdist töluvert í annan endann.

Málafni nýs Laugardalsvallar eru enn í undirbúningi á vegum undirbúningsfélags/stýrihóps sem KSÍ er aðili að ásamt Reykjavíkurborg og ríkisvaldinu. Í júlí 2020 fékk nefndin drög að skýrslu AFL architects til yfirferðar og umsagnar, að beiðni Guðna Bergssonar formanns KSÍ sem er fulltrúi sambandsins í því undirbúningsfélagi/stýrihóp. Nefndin skilaði inn til formanns minnisblaði varðandi umrædd skýrsludrög sem nefndin taldi vert að hafa til hliðsjónar á þeim tímapunkti.

Árið 2020 var 31. starfsár mannvirkjanefndar KSÍ og innan nefndarinnar er til staðar mikil reynsla og þekking. Nefndin vill ítreka mikilvægi þess að aðildarfélög leiti til nefndarinnar með ráðleggingar í undanfara verkefna hvort sem það snýr að nýframkvæmdum eða viðhaldi, til að tryggja að ákvæði viðeigandi reglugerða séu uppfyllt.

Mannvirkjanefnd þakkar aðildarfélögum gott samstarf á starfsárinu 2020 og óskar þeim velfarnaðar á komandi keppnistímabili.

Ingi Sigurðsson, formaður

